

2



2023-2024

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR LÖGÐ
FRAM Á SAMBANDSSTJÓRNAFUNDI
3-4. MAÍ 2024

Efnisyfirlit

INNGANGUR FORMANNS	3
STEFNA RSÍ.	4
FAGFÉLÖGIN	5
REKSTUR OG SKRIFSTOFU	5
ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSFÓLK	6
ÞJÓNUSTUKÖNNUN	8
REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ FAGFÉLAGANNA.	10
SAMSTARF UM FÉLAGSLEGA VIÐBURÐI.	11
SAMSTARF UM MENNTUN	13
KJARAMÁL	14
ATVINNULEYSI	17
KJARAKÖNNUN RSÍ 2023	18
VINNUSTAÐAEFTIRLIT	19
HELSTU KT. ÚR BÓKHALDI	21
FUNDIR MIÐSTJÓRNAR	22
ÞING RSÍ 2023	23
FÉLAGSFUNDIR	25
OROFSSJÓÐUR	26
NÝTING ORLOFSHÚSA	31
TEKJUR OG GJÖLD	33
ÚTHLUTANIR	35
STYRKTARSJÓÐUR RSÍ	38
STJÓRNIR OG NEFNDIR RSÍ	41
FÉLAGSLEGIR VIÐBURÐIR.	47
STARFSEMI RSÍ UNG	49
ERLENT SAMSTARF	51
ÁLYKTANIR Á ÁRINU	56

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Inngangur formanns

Síðastliðið starfsár hefur að miklu leyti farið í vinnu vegna kjarasamninga ásamt öðru félagslegu starfi. Þing RSÍ var haldið í maí 2023 þar sem meginlínur starfsins voru lagðar fyrir komandi kjörtímabil, kosið var í stjórnir RSÍ að venju. Ljóst er að staða RSÍ er sterk, bæði fjárhagslega en ekki síður félagslega. Virkni er mikil á öllum sviðum og er það eitt það mikilvægasta í starfi verkálýðsfélaga og sambanda.

Íslenska þjóðin glímir við fjölmargar áskoranir. Ítrekuð eldsumbrot á Reykjanesinu með miklum fjölda jarðskjálfta og jarðhræringa sem gera bæjarfélagið í Grindavík torbyggilegt á þessum tímamarki. Staðan á húsnæðismarkaði hér hefur sjaldan verið jafn slæm en skortur á íbúðarhúsnæði á sama tíma og stýrivextir eru mjög háir, og þar með vaxtakjör almennt, gerir það að verkum að minna er byggt á þessum tíma þrátt fyrir að eftirspurn hafi aukist gríðarlega, meðal annars vegna þeirrar staðreyndar að heilt bæjarfélag hefur þurft að flytjast búferlum ofan í uppsafnaðan vanda á húsnæðismarkaði.

Hátt vaxtastig og mikil verðbólga hefur verið ein mesta áskorunin að undanförunu og bitnar fyrst og fremst á venjulegu launafólki. Baráttan um að tryggja launafólki réttlátan hlut af köku verðmætanna heldur áfram. Í kjarasamningum sem undirritaðir voru í mars 2024 var stigið skref í að reyna að vinda ofan af háu vaxtastigi hér á landi og stuðla að minni verðbólgu. Ljóst er að þjóðin þarf að læra af reynslu áranna seinni hluta síðustu aldar þar sem vítahringur mikillar verðbólgu og sjálfvirkra hækkana skilaði engum árangri heilt yfir. Við sjáum í dag að verðbólgan er farin að nærja sig sjálf en það er fyrst og fremst með hömlulausum verðhækkunum fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkis. Þennan vítahring þarf að rjúfa og munu næstu mánuðir verða



til vitnisburðar um hvort það takist. Launafólk hefur lagt lóð sín á vogarskálina en munu allir aðrir aðilar leggja sitt af mörkum? Sjáum til en gerist það ekki munu forsendur kjarasamninga breyta seinni hluta næsta árs.

Stríðsátök geysa erlendis en átökin í Úkraínu halda áfram ásamt átökum á Gasa þar sem vofir yfir alvarleg hungursneyð. Verulega hefur skort upp á stuðning alþjóðasamfélagsins við almenna borgara í Palestínu. Það er augljóst að hryðjuverk Hamas í Ísrael 7. október 2023 ber að fordæma og á sama tíma ber að fordæma dráp á óbreyttum borgurum í Palestínu. Því miður eru þau stríð sem upp eru talin ekki upptalning á þeim átökum sem eru í heiminum því átök eru víðar í löndum og verða óbreyttir borgarar ætíð verst úti við þessar aðstæður. Þessu hörmungarástandi verður að linna!

Í skýrslu miðstjórnar má finna ýmsan fróðleik um starfsemi sambandsins í texta, tölum og myndum þó svo skýrsla sem þessi verði aldrei tæmandi upptalning á viðamiklu starfi.

Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður RSÍ



MEGINMARKMIÐ Í STARFI RSÍ 2021 - 2026

BÆTT LÍFSKJÖR



Aukinn kaupmáttur - Kjarasamningar og eftirfylgd þeirra - Launakjör - Stytttri vinnutími - Starfsumhverfi - Málefni heimila - Staða leigjenda - Staða atvinnulausra - Félagssaðild fyrir fleiri - Fjölskylduvænt umhverfi - Húsnæðismál - Lífeyrismál

STERK LIÐSHEILD



Hagsmunagæsla - Sterkt bakland og eftirsótt félag - Samstaða og samtal - Hagsmunir félagsfólks og fjölskyldna - Styrkleikar í samstöðu - Fjölgun félagsfólks - Samstarf innan og utan RSÍ - Uppbygging RSÍ - Trúnaðarmenn - Fjölga félögum - Tækninýjungar - Rýna lög/reglugerðir

LEIÐANDI AFL Í MENNTUN



Iðn- og tækninám í skólum - Samkeppnishæfni og færni félagsfólks - Fræðsla og endurmenntun - Félagsmálanámskeið - Aðgengi að námi - Staða og virðing iðn- og tæknigreina - Niðurgreiðsla námsgjalda - Lögverndun/réttindi - Fjölgun í iðn- og tækninámi

AUKIÐ ÖRYGGI



Vinnustaðaeftirlit - Öryggisfræðsla í skólum/vinnustöðum - Fyrirbyggjandi áhersla - Öryggisvitund á vinnustöðum - Öryggisstaðlar - Tækjabúnaður uppfylli öryggiskröfur - Atvikagreiningar - Vitund um öryggismál í samfélaginu - Fækkun slysa

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA



Heimasíða og aðgengi að upplýsingum - Viðburðir/kynningar - Öflugir sjóðir - Fyrirmyndarþjónusta - Sterk rödd og sýnileiki - Gagnsæi í verkferlum - Móttaka nýrra félaga - Auðvelda líf félaga - Ungliðastarf og starf eldri félaga - Traustur og samfélagslega ábyrgur rekstur

Fagfélögin

Samstarf Fagfélaganna á Stórhöfðanum hefur haldið áfram að þróast frá því öll félögin sameinuðust um húsnæði 2019 og ákveðinn sameiginlegan rekstur skrifstofunnar. 1. september síðastliðinn var stigið stórt skref í samstarfi félaganna, Adam Kári Helgason og Erla Sigríður Erlingsdóttir frá RSÍ færðust yfir til Fagfélaganna ásamt Hrönn Magnúsdóttur sem er í 50% starfi fyrir RSÍ og 50% fyrir Fagfélögin. Guðni Gunnarsson sem var áður hjá VM færðist einnig yfir til Fagfélaganna og nýr starfsmaður var ráðinn í lok árs 2023 til að sinna orlofskerfum allra félaganna. Markmið breytinga af þessu tagi er eins og áður hefur komið fram að leggja áherslu á aukið samstarf iðn- og tæknifólks á hinum ýmsu sviðum og hagræða í rekstri og bæta þjónustu við félagsfólk.

Samstarfið er í formi samstarfs. Ekki er um að ræða sameiningar á neinum sjóðum eða félögum innan hússins. Allir sjóðir RSÍ, eins og sjúkrasjóður, orlofssjóður, verkfallssjóður og eftirmenntunarsjóður, eru í eigu RSÍ og verða áfram sjálfstæðir sjóðir og notaðir fyrir félagsfólk í þeim aðildarfélögum sem eiga aðild að

RSÍ. Rödd Fagfélaganna er og verður sterkari sameinuð. Samstarfið tryggir sæti við hagsmunaborð íslensks samfélags. Markmiðið er að þróa samstarfið enn frekar. Það er mat formanna þessara féлага að saman séum við sterkari í þeim málum sem snertir heildina og eykur áhrif iðn- og tæknifólks, til dæmis þegar kemur að iðnaðarlöggjöf og eflingu iðn- og tæknigreina. Afar brýnt er að rödd fagfélaganna sé sterk í þeirri hagsmunabaráttu sem við erum í á hverjum tíma. Það hefur sjaldan verið jafn mikilvægt fyrir hagsmuni iðn- og tæknigreina að talsfólki okkar „sé boðið í samtalið!“ Samstaða og samræmd sýn á málin skiptir þar öllu máli.

Rekstur skrifstofu

Fagfélögin sjá um grunnrekstur skrifstofu, þ.e. almenna þjónustu við félagsfólk hvort sem það eru kjaramál, svörun vegna orlofshúsa eða fyrirspurnir og umsjón sjúkrasjóðs ásamt umsjón með bókhaldi félaganna. Breytingar voru gerðar á staðsetningu starfsfólks á liðnu ári þegar allt starfsfólk þeirra féлага sem standa að Fagfélögum fyrir utan formann Byggingar fluttist á 1, hæð Stórhöfða 29 og 31. Þröngt mega sáttir sitja er gott orðatiltæki og það á svo sannarlega við



hjá okkur. Starfsfólk er almennt sammála um að þessi breyting hafi haft jákvæð áhrif á samstarf og samstöðu starfsfólks.

Þjónusta við félagsfólk

Síðustu ár hefur verið mikil áhersla á að auka rafræna þjónustu við félagsfólk og er nú svo komið að mögulegt er að senda inn rafrænar umsóknir um alla styrki og sjúkradagpeninga að undanskyldum dánarbótum í gegnum örugga gagnagátt. Mikilvægt er að öryggi viðkvæmra persónuupplýsingar sem nausynlegt er að senda inn með umsókn um sjúkradagpeninga sé tryggt. Félagfólk getur jafnframt sótt sér alla þjónustu í orlofskerfinu með rafrænum hætti hvort sem það er að bóka orlofshús, kaupa ferðaávisanir, veiðikort og útilegukort og er nú svo komið að mikill meirihluti félagsfólks er orðinn sjálfbær við notkun kerfisins. Mikilvægt er að tryggja að allir geti nýtt sér þjónustuna með rafrænum hætti en að sama skapi hefur jafnframt verið lögð áhersla á að veitt sé aðstoð fyrir þau sem þurfa hvort sem það er í gegnum síma, tölvupóst eða hreinlega með því heimsækja skrifstofuna og er félagsfólk ávallt velkomið.

Þjónusta við félagsfólk vegna kjaramála, orlofs- sjóðs og sjúkrasjóðs fer að mestu fram á skrifstofu Fagfélaganna.

Kjarateymi vinnur þvert á félög sem gerir það að verkum að nýting starfsfólks er betri og auðveldara að tryggja að ávallt sé starfsfólk til staðar til að sinna félagsfólki. Greiðslur styrkja og sjúkradagpeninga eru innan hvers félags en móttaka Fagfélaganna svarar almennum fyrirspurnum um styrki og aðstoðar við rafrænar umsóknir sé þess þörf.

Með breytingu á starfsfólki gefst aukið svigrúm til afgreiðslu umsókna í sjúkrasjóði þar sem það starfsfólk sem sinnir þeim verkefnum starfar nú innan Fagfélaganna. Móttakan svarar jafnframt almennum fyrirspurnum varðandi orlofshús, veitir aðstoð með afgreiðslu orlofshúsa, flugávisana og afgreiðir útilegukort og veiðikort.

Unnið hefur verið að samræmingu á orlofskerfum félaganna, þ.e. Byggið, MATVÍS, RSÍ og VM. Félögin opna fyrir bókanir í orlofshúsin á sama degi, þ.e. 1. júní vegna bókana frá ágúst fram í janúar og svo 1. nóvember fyrir bókanir í orlofshús frá janúar fram í maí. Af þessu hlýst mikil hagræðing sem einfaldar svörun hjá mótöku. Jafnframt er unnið að samræmingu á leiguverðum eins og frekast er unnt sem og samræmdum ákvörðunum um hækkanir á leiguverði. Markmiðið er að þessari vinnu verði framhaldið og reynt af fremsta megni að samræma reglur og tímasetningar varðandi um-



sóknir í orlofshús um páska og sumar. Unnið hefur verið að þróun orlofshúsakerfisins og var það kynnt starfsfólki RSÍ og Fagfélaganna síðari hluta árs 2023. Nokkur vinna er við breytingar af þessu tagi þar sem setja þarf upplýsingar um alla þætti orlofskerfisins handvirkt inn í nýtt kerfi svo sem myndir og allan texta. Ákveðið var að fara í allsherjar samræmingarvinnu á uppsetningu orlofshúsavefsins með það í huga að samræma alla upplýsingagjöf eins og hægt er á milli félaganna. Sú vinna hefur verið nokkuð tímafrek en nú er svo komið að 1. júní verður nýtt orlofshúsakerfi komið í framkvæmd en þá er opnað á leigur frá lok ágúst fram í byrjun janúar 2025. Markviss fundahöld hófust haustið 2022 við samræmingu á verklagi og reglum sjúkrasjóðs hjá öllum félögum og hefur sú vinna haldið áfram og nokkur skref verið stigin í þá átt að samræma verklag við afgreiðslu styrkja hjá öllum félögum. Enn fremur er reynt eftir fremsta megni að gera ekki breytingar á verklagi nema að höfðu samráði á milli félaganna. Markmiðið er að tryggja sambærilega þjónustu hjá þeim félögum sem að samstarfinu koma. Af-rakstur slíkrar vinnu tryggir jafnframt skilvirkari upplýsingagjöf frá móttöku og kemur í veg fyrir röng eða misvísandi svör. Staðan er þó þannig að reglur félaganna eru ólíkar, margt er líkt en annað ekki og mun taka tíma að gera þessar breytingar þar sem almennt er ekki mikill vilji hjá félögum að skerða réttindi félagsfólks. Í þeim tilvikum sem breytingar hafa verið gerðar hefur verið um aukin réttindi að ræða en ekki skerðingu. Verklag og skil á gögnum er einnig stór þáttur í störfum þeirra sem sjá um sjúkrasjóðinn, því eru samráðsfundir þess starfsfólks sem hefur með þessi verkefni að gera afar mikilvægur.

Unnið hefur verið markvisst að því að þróa og bæta þjónustu við félagsfólk með skilvirkari svörum í móttöku sem og svörum tölvupósta sem berast félögum. Haustið 2023 var tekið upp beiðnakerfi þar sem allur tölvupóstur sem berst á almennu netföng félaganna fer í gegnum. Það er svo verkefni starfsfólks í móttöku að deila út tölvupóstum til þeirra sem við á hverju sinni. Þetta auðveldar yfirsýn og utanumhald yfir þá tölvupósta sem berast í hús og tryggir aðgang að upplýsingum þar sem tölvupóstur berst ekki í persónuleg netföng starfsfólks. Með þessu móti er markvissari aðgangur að upplýsingum þegar starfsfólk t.d. lætur af störfum. Það er mat þeirra sem að koma, að þessi leið auki skilvirkni og gagnsæi við meðferð mála. Það gerir eftirfylgni jafnframt auðveldari og upplýsingar um mál eru á miðlægum grunni, ekki í tölvupóstum viðkomandi starfsfólks. Það kerfi gefur okkur ákveðnar upplýsingar en hafa þarf í huga að þá eru ótaldir allir þeir tölvupóstar sem berast beint á netföng starfsfólks. Þrátt fyrir aukna tækni þá er alltaf töluvert um að félagsfólk komi á skrifstofuna.

Fjöldi umsókna í sjúkrasjóð RSÍ á árinu 2023 voru 5.443 umsóknir sem er fjölgun upp á 20,7% á milli ára. 954 umsóknir bárust um menntastyrki sem er 14,5% fjölgun á milli ára. Þessar umsóknir skiptast á um 3.000 kennitölur. Mikið er hringt inn á skrifstofuna en til að gefa betri mynd af stöðunni þá hafa um 23.000 símtöl borist í símkerfi Fagfélaganna. Um er að ræða nokkra fækkun frá 2022 sem skýrist af því að Félag iðn- og tæknigreina gekk út úr samstarfinu og fóru að sjá sjálf um símsvörum frá 01.04.2023. Hafa þarf í huga að inn í þessum tölum eru ekki símtöl sem berast beint í borðsíma eða farsíma starfsfólks. Í kjölfar þessara breytinga var fækkað um eitt

stöðugildi í móttöku frá 01.09.2023. Frá þeim tíma hefur kjaradeild alfarið séð um símsvörum vegna kjaramála þannig að símtölum í móttöku fækkaði að sama skapi.

Ný heimasíða RSÍ var tekin í notkun á haustmánuðum 2022. Það er ánægjulegt að segja frá því að mælingar sýna að fjölmargir heimsækja heimasíðuna, rafis.is. En frá því heimasíðan var opnuð hefur hún fengið 673.223 flettingar. Flestar flettingar voru í febrúar 2023 eða 6.938 á einum degi. Það er jafnframt sá mánuður sem flest símtöl berast í hús bæði 2022 og 2023. Þegar tölfraeðin er skoðuð nánar má sjá að tæp 60% þeirra sem heimsækja síðuna gera það með farsíma. Það segir okkur hversu mikilvægt það er að farsímavæða orlofsvefinn. Algengast er að nýir notendur heimsæki heimasíðuna með því að slá inn rafis.is, örlítið færri koma í gegnum leitarvél og jafnframt athyglisvert hve mikið færri koma í gegnum samfélagsmiðla. Kynjahlutföll gesta eru nokkuð jöfn þó karlar séu örlítið fleiri. Þegar aldursdreifing er skoðuð eru flettingar flestar hjá aldursþópnum 24-34 ára og lækkar svo jafnt og þétt með hækkandi aldri. Af þeim síðum sem fá flestar flettingar þá er forsíðan vinsælust. Næstu síður þar á eftir eru kjaramál, þá styrkir, orlofsmál, um RSÍ og Sveinalistinn.

Þjónustukönnun

Gerðar hafa verið þjónustukannanir um nokkurt skeið en kveðið er á um að slíkt skuli gert reglubundið samkvæmt starfsáætlun RSÍ. Mælingar eru tvíþættar, annars vegar NPS mælingar sem sendar eru reglubundið á félagsfólk og hins vegar samskiptaskráning sem framkvæmd er af starfsfólki RSÍ og Fagfélaganna. NPS er ánægjumæling þar sem félagsfólk er beðið um að staðsetja sig á bilinu 0-10 út frá því hversu

líkleg þau eru til að mæla með sambandinu. Ef viðkomandi velur 0 er hann alls ekki líklegur til þess, en sá sem velur 10 er afar líklegur til þess. Þau sem gefa einkunn á bilinu 0-6 teljast letjendur, er óánægður hópur sem ekki er líklegur til að mæla með þjónustunni. Þau sem gefa einkunnina 7-8 má skilgreina sem hlutlaus. Þau eru tiltölulega ánægð en þó ekki líklegt að þau mæli með þjónustunni. Félagsfólk sem gefur einkunn á bilinu 9-10 er ánægt og líklegt til að deila ánægju sinni með öðrum og mæla með RSÍ. NPS einkunn er reiknuð með því að draga hlutfall óánægðra frá hlutfalli ánægðra. Könnun var send út á 5.411 félaga á síðasta ári, svörum var 17,2%. Niðurstöður á milli mánaða eru sveiflukenndar þar sem lægsta NPS tala síðasta árs var 21 (mars 2023) en hæsta talan var 44 (september 2023). Hvað veldur er erfitt að segja til um en samkvæmt símtalaskráningu var mikið álag á símkerfinu í mars 2023 sem gæti verið orsakabáttur en þó ómögulegt að draga ályktun um það þar sem hlutfall tapaðra símtala var jafnframt lágt þann mánuðinn. Árið 2024 byrjaði nokkuð vel þar sem NPS talan hækkaði verulega á milli desember 2023 og janúar 2024 en lækkar svo aftur í mars 2024. Hvað veldur þessum breytingum er rannsóknarefni en athyglisvert að talan lækkar verulega bæði í mars 2023 og mars 2024. Ekki er ólíklegt að sumarúthlutun orlofshúsa hafi áhrif í þessu sambandi þar sem úthlutun á sér stað í byrjun mars ár hvert. Í þessum könnunum er félagsfólki boðið að rökstyðja einkunnagjöf sína, slíkar athugasemdir eru skoðaðar vel enda gefa þær góðar upplýsingar um það hvað er á bak við einkunn hverju sinni. Algengast var að letjendur töluðu um að erfitt væri að fá úthlutað orlofshúsi, að bæta þurfi styrki og friðindi, þjónustan sé slæm og fátt um svör, lélegir

Myndir frá 1. maí 2023.



samningar, að sinna þurfi landsbyggðinni betur og betra utanumhald þurfi að vera um eldri félag. Helstu athugasemdir sem komu frá hlutlausum svarendum voru að stórum hluta þær sömu og komu frá letjendum, þ.e. að bæta þurfi styrki og fríðindi, samningar þurfi að vera betri, og að sinna þurfi landsbyggðinni betur. Helstu athugasemdir hvetjenda voru jákvætt viðmót og góð þjónusta, góð orlofsmál, sambandið væri sterkt og gott, góð samskipti, aðgengileg þjónusta og frábært starfsfólk.

Breytingar voru gerðar á samskiptaskráningu starfsfólks í janúar 2023. Fram að þeim tíma var samskiptaskráningin þríþætt, þ.e. eftir innsendum tölvupóstum, símtölum og heimsóknum á skrifstofu. Þessu fyrirkomulagi var breytt í eina könnun á alla í janúar 2023, óháð tegund erindis. Niðurstaða skráningar fyrir síðasta ár er því miður ekki marktæk þar sem tölfraði gefur til kynna að starfsfólk hafi ekki verið nægilega virkt í að senda út könnun, sérstaklega seinni hluta síðasta árs. Í byrjun árs 2024 var tekin ákvörðun um að breyta framkvæmd samskiptaskráningar þar sem öll félögin sem standa að Fagfélögunum ákváðu að taka þátt í könnuninni. Nú er samskiptaskráning því send út fyrir Fagfélögin í heild sinni. Skráning hefur verið þökkaleg það sem af er ári. NPS tala það sem af er árs 2024 er 79 sem er afar ánægjuleg niðurstaða. Það er þó ljóst að minna þarf reglulega á mikilvægi skráningar til að tryggja markvissar útsendingar á samskiptaskráningu líka til þeirra sem eru óánægðir því óánæggt félagsfólk gefur okkur upplýsingar um það hvað þurfi að gera betur.

Rekstrar- og þjónustusvið Fagfélaganna

Á rekstrar- og fjármálasviði Fagfélaganna urðu talsverðar breytingar á árinu þar sem þjónustusviðið, sem hafði með móttöku, símsvörun og þjónustu orlofshúsa að gera, rann inn í rekstrar-sviðið um mitt ár. Sigrún Sigurðardóttir sem var forstöðumaður þjónustuteymis lét af störfum 1. júní á síðasta ári og færðist aftur yfir til RSÍ. Samhliða þessum breytingum voru gerðar talsverðar breytingar á starfsmannahaldi á haustmánuðum þar sem tilfærslur voru gerðar á milli aðildarfélaganna og Fagfélaganna auk þess sem breytingar voru gerðar á starfslíðinu. Árið einkenndist því af áframhaldandi þróun samstarfsins. Lilja Sæmundsdóttir var ráðin til starfa til að hafa umsjón með sjúkrasjóði MAT-VÍS og Byggið. Ráðningarsamband Erlu Sigríðar Erlingsdóttur tók breytingum þar sem hún færðist frá RSÍ yfir til Fagfélaganna. Með þessu var stórt skref stigið í þá átt að samræma verklag varðandi sjúkrasjóði allra félaganna. Á rekstrarsviði störfuðu um áramót 5 starfsmenn sem sinna m.a. bókhalds- og gjaldkerastörfum og á þjónustusviði 7,5 starfsmenn sem sinna m.a. móttöku og símsvörun, umsýslu sjóða, mötuneyti, félagakerfi og þjónustu orlofshúsa og íbúða. Undir sviðið heyra jafnframt 4 ráðgjafar VIRK starfsendurhæfingar.

Breytingar voru jafnframt gerðar á starfssviði Hrnannar Magnúsdóttur en verkefni hennar skiptast á milli Fagfélaganna og RSÍ. Hún er í 50% stöðu sem grafískur hönnuður hjá Fagfélögunum en megin verkefni hennar hjá RSÍ felast í umsjón með orlofskerfi sambandsins. Guðjón Heiðar Sigurðsson hóf störf hjá Fagfélögunum í lok árs 2023 sem umsjónarmaður orlofshúsa allra félaganna þar sem markmiðið

er að vinna að samræmingu á verklagi og þjónustu í samráði við orlofsnefndir hvers félags fyrir sig. Með þessu eru fjölmörg tækifæri til hagræðingar sbr. sameiginleg innkaup ofl. Starfið er yfirgripsmikið og því er hann í miklu samstarfi við Björn Ágúst Sigurjónsson sem hefur umsjón með orlofshúsakerfi RSÍ og Guðna Gunnarsson sem hefur umsjón með orlofshúsakerfi VM. Markmiðið er að Guðjón taki smám saman yfir verkefni þeirra.

Breytingar voru gerðar á starfsemi mötuneytis en nýlega var kokkur ráðinn til starfa, Bjartmar Pálmason. Ráðning hans hefur sýnt fram á mikilvægi þess að ráða fagfólk til starfa sé þess kostur. Boðið er upp á mat í hæsta gæðaflokki sem er afar mikilvægt í allri starfsemi en fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl á milli góðs mötuneytis og starfsánægju. Á síðasta ári var einnig stigið það skref að auka gæði fréttaskrifa og framsetningar og samræmingar á því efni sem fer á heimasíður allra félaganna. Baldur Guðmundsson var ráðinn til þeirra starfa en með þessu tryggjum við samræmdar upplýsingar í sameiginlegri starfsemi

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Fagfélögin hafa umsjón með starfsemi ráðgjafa VIRK á Stórhöfðanum. Ráðgjafar VIRK í starfsendurhæfingu eru Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, Hlín Guðjónsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir og Unnur B. Árnadóttir. Nokkrar breytingar urðu á starfsemi VIRK á síðasta ári þar sem VIRK gerði breytingar á ráðningarfyrikomulagi ráðgjafa. Meginbreytingarnar eru þær að nú eru ráðgjafar með ráðningarsamband við VIRK en voru áður með ráðningarsamband við stéttarfélagin. Þeim ráðgjöfum sem voru við störf þegar breytingarnar voru gerðar var boðið upp

á velja hvort þeir héldu því ráðningarsambandi sem þeir voru með eða færðust yfir til VIRK. Ráðgjafar Fagfélaganna völdu að halda ráðningarsambandi sínu óbreyttu en í nýjum samningi á milli VIRK og Fagfélaganna kemur fram að verði um nýráðningu að ræða mun hún fylgja nýja fyrirkomulaginu. Nú liggja fyrir breytingar hjá ráðgjöfum okkar þar sem Hildur Petra Friðriksdóttir hefur sagt upp störfum en hún mun færa sig yfir á aðra starfsstöð. Sá ráðgjafi sem verður ráðinn í hennar stað mun því væntanlega fylgja nýju fyrirkomulagi með ráðningarsamband við VIRK.

Starfsfólk RSÍ sem sinnir þjónustu við félagsfólk eru:

Björn Ágúst Sigurjónsson,

umsjónarmaður fasteigna RSÍ

Georg Páll Skúlason, kjaramál, sjúkrasjóður og menntamál

Eyjólfur Óli Jónsson, umsjónarmaður orlofssvæðis í Miðdal (til 31. maí 2024)

Hrönn Magnúsdóttir, umsjónarmaður orlofskerfis RSÍ og grafísk hönnun 50% starfshlutfall

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Ragnar Valur Ragnarsson, umsjónarmaður orlofssvæðis á Skógarnesi og í Miðdal

Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri

Þjónustu- og rekstrarsvið Fagfélaganna er skipað eftirtöldu starfsfólki:

Agnes Olejarz, móttaka, símsvörun og túlkun fyrir pólskt félagsfólk

Sigríður Karitas Kristjónudóttir, móttaka og símsvörun

Helga Björg Steingrimsdóttir, félagakerfi og verkefnastjóri móttöku

Erla Sigríður Erlingsdóttir, gjaldkeri RSÍ og umsjón sjúkrasjóða

Lilja Sæmundsdóttir, móttaka og umsjón sjúkrasjóða

Þorsteinn Hilmarsson, bókhald

Álfhildur Guðmundsdóttir, bókhald

Elín Sigurðardóttir, 50% bókhald,

Guðni Gunnarsson, umsjónarmaður fasteigna, tæknimála ofl.

Guðjón Heiðar Sigurðsson, umsjónarmaður orlofshúsa

Hrönn Magnúsdóttir, grafísk hönnun 50% starfshlutfall

Marta Kristjánsson, mötuneyti

Bjartmar Pálmason, matreiðslumaður

Pálmi Finnbogason, forstöðumaður

þjónustu- og rekstrarsviðs

Guðrún Elínborg Guðmundsdóttir, ráðgjafi

VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Hlín Guðjónsdóttir, ráðgjafi VIRK

starfsendurhæfingarsjóðs

Hildur Petra Friðriksdóttir, ráðgjafi

VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Unnur B. Árnadóttir, ráðgjafi VIRK starfsendurhæfingarsjóðs

Samstarf um félagslega viðburði

Þau félög sem standa að Fagfélagunum hafa staðið sameiginlega að viðburðum á starfsárinu. Haldin voru tvö sameiginleg trúnaðarmannanámsskeið á síðasta ári, það fyrri í febrúar 2023 og hið síðara í október 2023. Kennarar voru Sigurlaug Gröndal, Guðrún Edda Baldursdóttir og starfsfólk fagfélaganna. Námsefni var fjölbreytt þar sem m.a. var farið í mikilvægi góðra samskipta á vinnustað og hvernig megi stuðla að góðum samskiptum. Skoðuð var mismunandi framkoma, áhrif hennar á okkur og aðra ásamt því að kynnast afleiðingum langvarandi slæmra



Myndir frá lífeyrisnámskeiðum sem haldin voru á Stórhöfða.

samskipta og eineltis á vinnustað. Farið var yfir starfsemi stéttarféлага, réttindi félagsfólks, innihald og uppbyggingu kjarasamninga og helstu túlkun á þeim.

Framhald var á lífeyrisnámskeiðum á síðasta ári en haldin voru þrjú námskeið fyrir félagsfólk aðildarféлага að Fagfélögunum. Yfirskrift námskeiðsins er „lífeyrismál og starfslok“ en á námskeiðinu er farið vandlega yfir allt sem

nauðsynlegt er að vita varðandi lífeyrismál og fjármálahlíð starfsloka. Megin viðfangsefni námskeiðsins var lífeyrir, fjárhæðir og tekju- tengingar, hvaða áhrif atvinnutekjur hafa á greiðslur frá lífeyrissjóðum, hvenær er hægt að hefja töku lífeyris, fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna,



Myndir frá 1. maí 2023. Kaffi á Stórhöfða

séreignarsparnaður, tilgreind séreign, er skynsamlegt að sækja hálfan lífeyri, hvernig á að deila lífeyri með maka og margt fleira.

1. maí kaffi

Rafiðnaðarsamband Íslands hefur ávallt verið með 1. maí kaffi og hefur engin breyting verið þar á. Síðustu ár hefur það verið sameiginlegt með öðrum félögum sem standa að Fagfélögunum. Með stórbættri aðstöðu og auknu rými á Stórhöfða 29 er svigrúm til að taka á móti stórum hópi fólks. Múlakaffi sá um allar veitingar og lagði til borð, stóla og dúka. Fjölmarginir gestir lögðu leið sína á Stórhöfðann að lokinni kröfugöngu og mun fleiri en búist var við sem er afar ánægjulegt. Mikil fjölgun var frá árinu 2022 þar sem ekki er ólíkt að afleiðingar Covid hafi haft áhrif á mætingu það árið. Ekki var gert ráð fyrir svo mikilli fjölgun gesta sem varð til þess að allar veitingar klárust sem var mjög miður. Ljóst er að gert verður ráð fyrir mun fleiri gestum við skipulag kaffisamtætis 1. maí 2024.

Samstarf um menntun

Á síðustu mánuðum og árum hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á aukið samstarf á milli Iðunnar og Rafmenntar sem hefur meðal annars komið fram í auknu námsframboði þvert á þessi tvö fræðslusetur sem Fagfélögin standa að. Samkomulag hefur verið í gildi um að félagar sem greiða til annars hvors aðilans geta sótt námskeið hjá hinu fræðslusetrinu á niðurgreiddum námskeiðsgjöldum. Í þeim tilfellum þarf eingöngu að bóka námskeið í gegnum þann aðila sem viðkomandi á aðild að. Með þessu er bæði tryggt aðgengi að miklum fjölda námskeiða auk þess að hvor rekstraradili fyrir sig getur einbeitt sér að þeim nám-



skeiðum þar sem sérþekking er mest og þannig hámarkað gæðin fyrir félagsfólk. Samstarfið hefur leitt af sér aukna og bætta þjónustu í menntamálum, og eftirmenntunarnámskeiðum fyrir félaganna innan RSÍ þar sem okkar fólk getur sótt námskeið hjá lðunni en einnig getur félagsfólk sem greiðir til lðunnar sótt námskeið hjá Rafmennt. Með þessu er boðið upp á enn meiri fjölda námskeiða. Fá hafa þó enn sem komið er nýtt sér þennan möguleika, þau sem sóttu námskeið hjá lðunni í gegnum Rafmennt hefur þó fjölgað á milli ára, voru 4 árið 2022 en 14 árið 2023. Skoða þarf í ljósi þessara talna hvort ekki ætti að upplýsa félagsfólk þeirra sem njóta réttinda hjá Rafmennt um þennan möguleika.

Kjaradeild Fagfélaganna

Kjaradeild Fagfélaganna þjónustar félagsfólk RSÍ, VM, Byggiðnar og MATVÍS. Í heildina eru um 17.000 félagar í þessum félögum.

Kjaradeildin svarar fyrirspurnum vegna kjarasamninga, útbýr launakröfur, kemur að gerð kjar- og stofnanasamninga auk þess sem vinnustaðareftirlitið vinnur undir kjaradeild Fagfélaganna. Í september 2023 gerðu Fagfélögin og Efling samning um vinnustaðareftirlit sem gerði það að verkum að hægt var að stækka eftirlitsteymið úr einum fulltrúa upp í tvo. Það samstarf hefur reynst mikil lyftistöng fyrir eftirlitið.

Undir kjaradeild vinna því í dag sex starfsmenn; fjórir sinna kjaramálum og tveir eftirliti.

Frá september 2023 hefur kjaradeild Fagfélaganna svarað beint í síma öllum erindum um kjaramál en áður þurfti félagsfólk að byrja á að tala við skiptiborðið og síminn sendur inn á kjaradeild ef málið féll í þann málaflokk.

Allt utanumhald um tölfraði samhliða þessum breytingum hefur einnig verið bætt.

Frá september 2023 til febrúar 2024 bárust kjaradeildinni 1.514 símtöl eða rúmlega 300 símtöl í hverjum mánuði. Á sama tíma bárust um 2.100 aðstoðarbeiðnir í gegnum heimasíður félaganna. Kjaradeildin hefur því svarað rétt rúmlega 3.600 beiðnum, spurningum og öðrum erindum sl. 6 mánuði. Það samsvarar rúmlega 27 svörum á hverjum virkum degi, eða 600 svör á mánuði. Taka þarf fram að ótalin eru samskipti sem fara fram í gegnum tölvupósta starfsfólks.

Á árinu 2023 urðu til 70 formleg mál hjá kjaradeild Fagfélaganna sem tók til 136 félaganna. Þessi mál eru að stærstum hluta launakröfur eða kröfulýsingar í þrotabú. Af 70 málum sem komu inn er 48 málum nú þegar lokið eða 69% mála sem urðu til á árinu.

Kjaradeildin undirbýr kjarasamningagerð, hittir samninganefndir og á oftast fulltrúa þar sem gengið er frá kjarasamningum. Félög innan Fagfélaganna eru aðilar að hátt í 60 kjarasamningum og var klárað að ganga frá kjarasamningum vegna skammtímasamninga á fyrri helming ársins 2023. Strax í framhaldi af því hófst undirbúningur fyrir næstu kjarasamningalotu sem er þegar þetta er ritað í fullum gangi. Auk þess kom kjaradeild Fagfélaganna að fjórum stofnanasamningum.

Kjaradeildin kemur einnig að skipulagðri fræðslu en á síðasta starfsári voru haldin tvö trúnaðarmannanámskeið auk þess sem haldin voru tvö lífeyrisnámskeið. Fagfélögin munu leggja áherslu á að gera enn betur í fræðsluhlutanum eftir að gengið hefur verið frá langtímakjarasamningum.

Kjarateymi RSÍ samanstendur af eftirtöldu starfsfólki RSÍ:

Georg Páll Skúlason
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Kjarateymi RSÍ vinnur jafnframt þétt með kjaradeild Húss Fagfélaganna sem er skipuð eftirtöldu starfsfólki:

Benóný Harðarson, forstöðumaður
Ari Ólafsson Thorlacius (í fæðingarorlofi)
Ágúst Arnórsson
Björn Eysteinnsson
Vilhjálmur Sveinsson
Mirabel Blaga, vinnustaðaeftirlit
Adam Kári Helgason, vinnustaðaeftirlit
Elsa María Rögnvaldsdóttir, lögfræðingur
Fagfélaganna, starfar jafnframt með kjaradeildinni.

Kjarasamningar 2023-24

RSÍ hefur tekið þátt í samstarfi Fagfélaganna við endurnýjun kjarasamninga í síðustu samningalotum. Nokkuð misjafnt hefur verið hvort öll félög iðn- og tæknifólks hafa unnið saman en í viðræðunum árið 2022 til 2023 þá var samstarf allra félaga iðn- og tæknifólks. Í þeirri samningalotu sem nú stendur yfir hafa Fagfélögin verið í samstarfi að Byggið undanskildu en það eru RSÍ, MATVÍS og VM sem störfuðu saman og hefur samstarfið verið gríðarlega gott. Leitað var leiða til að öll aðildarfélag ASÍ tækju höndum saman við gerð kjarasamninga en meirihluti innan ASÍ ákvað að stilla kröfugerð upp á þann hátt að krafan um hækkun launa yrði alfarið í krónutöluhækkun. Fagfélögin lögðu upp með að fara blandaða leið, þar sem lágmarks krónutöluhækkun yrði fyrir tekjulægstu hópana, við tæki prósentuhækkun.

Kjarasamningur	Undirskriftardagur	Gildir til
RSÍ-SA/SART - sveinar	9.3.2024	1.2.2028
RSÍ-SA/SART - tæknifólk	9.3.2024	1.2.2028
Grafía - SA	9.3.2024	1.2.2028
RSÍ - Félag atvinnurekenda	21.3.2024	1.2.2028
Grafía - Félag atvinnurekenda	20.3.2024	1.2.2028
RSÍ - Míla	26.3.2024	1.2.2028
RSÍ - Borgarleikhúsið		31.1.2024
RSÍ/FÍS - Míla		31.1.2024
RSÍ/FÍS - Já		31.1.2024
RSÍ - HS veitur		31.1.2024
RSÍ - HS Orka		31.1.2024
RSÍ - Landsvirkjun		31.1.2024
RSÍ - Landsnet		31.1.2024
RSÍ - Norðurorka		31.1.2024
RSÍ - OR/ON/Veitur		31.1.2024
RSÍ/VM - Orkubú Vestfjarða		31.1.2024
RSÍ - RARIK		31.1.2024
RSÍ - Síminn		31.1.2024
RSÍ - 365 miðlar / Sýn		31.1.2024
RSÍ - Steinullarverksmiðjan		31.3.2024
RSÍ - Ríkið / Fjármálaráðherra		31.3.2024
RSÍ - Elkem		31.12.2024
RSÍ - Norðurál		31.12.2024
RSÍ - ISAL		31.12.2024/25/26
RSÍ - NRTF (Advania Grindav.)		31.12.2025
RSÍ - Samband sveitarfélaga	21.4.2023	31. mars 2024
RSÍ - Reykjavíkurborg	21.4.2023	31. mars 2024
RSÍ - Alcoa	6.3.2023	28.2.2023



Tillaga Fagfélaganna var í samræmi við áherslur félagsfólks okkar. Ekki náðist sátt um þessa stefnu og ákváðu öll félög innan Samiðnar að fylgja hópi ASÍ og kröfðust þess að launahækkun yrði alfarið ein krónutöluhækkun. RSÍ, VM og MATVÍS stóðu hins vegar fyrir utan. Fagfélögin áttu fyrsta formlega fund með Samtökum atvinnulífsins 28. desember 2023. Fundir voru haldnir reglulega þar til Fagfélögin ákváðu, 15. janúar að vísa öllum viðræðum til Ríkissáttasemjara og náði það til allra kjarasamninga sem áttu að losna 31. janúar 2023. Fyrsti fundur hjá ríkissáttasemjara var haldinn 18. janúar. Er það í fyrsta skipti sem RSÍ hefur vísað öllum viðræðum til ríkissáttasemjara á sama tímapunkti.

Mikil umræða varð í samfélaginu um nauðsyn þess að ná fram þjóðarsátt um að ná að minnka verðbólgu. Fagfélögin lögðu áherslu á að það yrði ekki gert nema með því að kjarasamningar myndu henta íslenskum vinnumarkaði og þá er ein krónutöluhækkun ekki fær leið. Því var farið í samtali við félög á opinberum vinnumarkaði

og ákveðið að eiga samráðsfundi þvert á markaði með Fagfélögunum og fulltrúum af opinberum markaði.

Kjarasamningar sem voru undirritaðir innihéldu launahækkun þar sem krónutöluhækkun náði til tekjulægri hópa þar til prósentuhækkun tekur við. Fagfélögin náðu einnig helstu kröfum okkar félagsfólks en þær voru að fjölga orlofsdögum, breyta ákvæðum um yfirvinnu 1 & 2 en auk þess lagði félagsfólk mikla áherslu á að stuðlað yrði að lækkun vaxta og verðbólgu. Ljóst er að það síðast nefnda er ekki í okkar höndum en klárt að launafólk hefur lagt sín lóð á vogarskálina og því er lykilatriði að fyrirtæki í landinu taki höndum saman og lækki eða haldi verðlagi stöðugu. Það sama gildir um hið opinbera. Raungerist það ekki þá geta félögin innan ASÍ sagt öllum kjarasamningum upp seinni hluta næsta árs.

Samhliða gerð kjarasamninga var fundað með fulltrúum ríkisstjórnarinnar þar sem lögð var áhersla á að ríkið geri leiðréttingar á tilfærsluferfum á þann hátt að upphæðir þeirra fylgi



þróun verðlags og launa á undanförunum áratug. Það er ljóst að árangur náðist varðandi yfirlýsingu ríkisstjórnar og sveitarfélaga, þar sem fram kom hvaða breytinga grípa eigi til. Má þar nefna breytingar á barnabótum, sér-tækur vaxtastuðningur til þeirra hópa sem eru í viðkvæmstu stöðunni og síðan má nefna að skólamáltíðir í grunnskólum verði gjaldfrjálsar á komandi skólaári og í kjölfar þess.

Samstarf RSÍ, MATVÍS og VM hefur sýnt og sannað hver styrkur hópsins er enda mjög samheldinn hópur sem sækir fram til að bæta stöðu síns fólks. Með samstöðunni náði hópurinn árangri. Fagfélögin stóðu að sameiginlegum kynningarfundum á kjarasamningum víðsvegar um landið þar sem mörg hundruð félagar okkar mættu til að kynna sér kjarasamningana. Fagfélögin gerðu sameiginlegt kynningarefni, kynningarglæsur, launareiknivél og kynningarmyndbönd sem nýttust vel og ljóst var að félagsfólki þótti vel að þessu staðið.

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi jókst verulega á tímum heimsfaraldurs og voru um 350 manns í atvinnuleit þegar mest var í einstökum mánuði en það var í febrúar 2021. Fólki í atvinnuleit hefur fækkað síðan. Á árinu 2023 voru að meðaltali rúmlega 60 einstaklingar í atvinnuleit en það er um 0,9% alls félagsfólks RSÍ. Atvinnuástand í greinum RSÍ er almennt mjög gott og er þetta merki um það ástand sem er á vinnumarkaði. Fjöldi greiðandi félagsfólks hefur verið að aukast jafnt og þétt á síðustu árum. Á mynd 2 má sjá hvernig fjöldi greiðandi félaga hefur þróast. Mynd 1 sýnir þróun á fjölda þeirra sem eru í atvinnuleit.

Mynd 1, fjöldi atvinnuleitenda



Mynd 2, virkir félagar

Kjarakönnun RSÍ 2023

Kjarakönnun RSÍ var framkvæmd dagana 11. október til 7. nóvember 2023 og endurspeglar laun í september mánuði líkt og undanfarin ár. Niðurstöður könnunar eru settar fram í svokölluðu markaðslauna mælaborði sem Gallup þróaði fyrir RSÍ. Mælaborðið gerir niðurstöður aðgengilegri fyrir félagsfólk þar sem mögulegt er að velja mismunandi forsendur eftir því hvað fólk vill skoða.

Allt félagsfólk sem tók þátt, og óskaði þess, fékk 5 punkta í orlofskerfinu. Einnig voru útdráttarverðlaun, 10 gjafabréf að andvirði 12.000 kr. og 5 gjafabréf á 2ja náttu gistingu ásamt morgunverði á Íslandshótelum. Farið var í úthringiherferð til að hvetja félagsfólk til þátttöku í launakönnuninni. Aukin þátttaka gefur raunhæfari svör til að vinna með og eykur gildi könnunarinnar. Þátttaka í könnuninni var örlítið lakari en árið á undan eða 31% (var 37% 2022). Alls svöruðu 1.858 félagar könnuninni. Laun fyrir dagvinnu hækkuðu um 8% á milli ára en heildarlaun um 9%. Launavísitala hækkaði um 11% á sama tíma. Athygli vekur að þátttakendur í fullu starfi unnu að meðaltali 177 stundir í september sem er fjórum stundum skemur en árið 2020. Ánægja með laun er svipuð og síðustu tvö ár. Um fjórðungur er óánægður með launin sín en fjórir af hverjum tíu ánægðir. Spurt var hvort fólk vissi um dæmi þess að brotið væri á kjarasamningsbundnum réttindum á síðustu 12 mánuðum. Um örlitla aukningu er að ræða frá fyrra ári hvað þetta snertir, en 12% sögðu brotið á sínum réttindum en 10% vissu um að brotið væri á öðrum. Algengast var að fólk vissi um brot í kvikmyndaiðnaði.

Í stefnu RSÍ sem samþykkt var árið 2020 var lögð aukin áhersla á öryggismál og því var spurt um upplifun félagsfólks til öryggismála á sínum vinnustað. 86% svarenda töldu öryggi sitt tryggt á vinnustaðnum sem er svipað hlutfall og í fyrra en það sem verra er að í 3,8% tilvika upplifir fólk að öryggi sé ekki tryggt, mögulega ábótavant á sínum vinnustað. Er sama hlutfall og í síðustu könnun sem er miður. Mikilvægt er að hafa það í huga að það er skylda atvinnurekenda að tryggja starfsfólki heilsusamlegt og öruggt umhverfi. Því er mikilvægt að starfsfólk nýti sér þær leiðir sem fyrir hendi eru til að þrýsta á fyrirtækin að gera úrbætur í öryggismálum. Á vinnustöðum á að kjósa öryggistrúnaðarmann sem getur unnið að slíkum málum en auk þess er alltaf hægt að leita til Vinnueftirlitsins eða þá hreinlega leita ráða hjá RSÍ.

Launakönnunin er mjög umfangsmikil og er upptalning hér að ofan alls ekki tæmandi. Við hvetjum félaga til þess að kynna sér helstu niðurstöður hennar en jafnframt gefur könnunin félögum okkar gott tækifæri til að bera sig saman við markaðinn og sækja á um launahækkanir séu laun ekki samkeppnishæf.

Skýrsla


VINNUSTAÐAEFTIRLIT FAGFÉLAGANNA OG EFLINGAR 2023-2024

Hlutverk vinnustaðaeftirlits

Stéttarfélög sinna öflugu vinnueftirliti sem felst aðstoð við félagsfólk, upplýsingagjöf, gerð launakrafna fyrir hönd félagsfólks, ráðgjöf og með því sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.


Vinnustaðaeftirlit byggir á lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Löggin gera fulltrúum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) kleift að fara inn á vinnustaði til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga, ásamt því að kanna hvort starfsfólk beri vinnustaðaskírteini samkvæmt framangreindum lögum. Í sérstöku samkomulagi milli ASÍ og SA eru skilgreindar þær atvinnugreinar sem heimildir eftirlitsins ná yfir. Á þeim grundvelli heimsækja eftirlitsfulltrúar byggingasvæði, veitingastaði, gististaði og önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu og fl. Þeir ræða við launafólk á vinnustöðum um réttindi sín, skoða launaseðla, ráðningarsamninga og starfréttindi eftir atvikum. Þeir dreifa

Hlutfall launafólks í stéttarfélagi



Viðmælendur Fagfélaganna og Eflingar

í eftirlitsheim-sóknnum frá 1. sept. 2023 til 1. mars 2024.



upplýsingaefni á ýmsum tungumálum, upplýsa um hlutverk og þjónustu stéttarfélaganna og kjaratengd réttindi. Þeir tala við stjórnendur á vinnustöðum og tilkynna eftirlitsfulltrúum stofnana ríkisins um hugsanleg brot þegar við á. Markmið vinnustaðaeftirlitsins er líka að auka sýnileika stéttarfélaganna sem hér á landi hafa sérstöðu vegna hárrar stéttarfélagaiðildar. Ísland er í fyrsta sæti á heimsvísu með yfir 91% hlutfall starfsmanna sem tilheyra í stéttarfélagi.

Vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna, á landinu öllu, heimsótti 596 fyrirtæki á síðasta ári þar sem rætt var við 1910 einstaklinga. Af þeim einstaklingum sem rætt var við, voru 1.154 af erlendum uppruna og 756 Íslendingar. Af öllum þessum eftirlitsheimsóknum hafa eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna heimsótt 140 fyrirtæki og rætt við 459 einstaklinga. Af þeim sem rætt var við voru 348 af erlendum uppruna en 112 voru Íslendingar. Síðan eftirlitssamstarf Fagfélaganna og Eflingar hófst, (tímabilið 1.09.2023 til 1.03.2024) hafa eftirlitsfulltrúar Fagfélaganna og Eflingar heimsótt 145 fyrirtæki og rætt við 494 einstaklinga. Af þeim einstaklingum sem rætt var við voru 369 af erlendum uppruna en 125 Íslendingar. 61% einstaklinga sem við hittum eru af erlendum uppruna en ríkisborgarar þriðja ríkis um 7%.

Fyrsti snertiflöturinn við kerfið

Reynslan af eftirlitsheimsóknum síðasta árs sýnir að vinnustaðaeftirlit er iðulega fyrsti snertiflötur kerfisins þegar kemur að alvarlegustu brotamálunum á vinnumarkaði; eins og vinnumansali, launaþjófnaði, hagnýtingu vinnuafis og fleiri. Kjaratengdum brotum á borð við rangt reiknaða yfirvinnu, rangt vaktálag eða skorti á skriflegum ráðningarsamningi. Flest mál koma upp í byggingaiðnaði, veitinga- og hótélgeira og ferðaþjónustu. Árlega gera stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kröfur um ógreidd laun upp á mörg hundruð milljóna króna. Þessi mál snúast oft um skipulagðan launaþjófnað af hálfu vinnuveitenda og önnur alvarleg réttindabrot eins og vinnumansal. Vöxtur í mannaflsrekum greinum eins og ferðaþjónustu og byggingariðnaði, auk fjölgunnar starfmannaleiga og annarra tegunda fyrirtækja, hefur skapað áskoranir fyrir stéttarfélögin innan ASÍ sem vinna hörðum höndum að því að bæta og vernda kjör launafólks. Vinnustaðaeftirlit er mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni og því mætti segja að eftirlitsmennirnir vinni framlínustörf.

Í þessu samhengi má nefna mál þar sem brotið var á réttindum rúmenskra starfsmanna í byggingariðnaði, sem hlaut farsælan endi: <https://rafis.is/2023/10/24/brotid-a-rettindum-rumenskra-starfsmanna/> Og <https://rafis.is/2023/12/19/10141/>

Vinnustaðaeftirlit á Íslandi starfar náið með opinberum stofnunum og aðilum sem fara með eftirlithlutverk. Þar má nefna Vinnuálastofnun, Vinnueftirlit ríkisins, Lögreglan, Útlendingastofnun, slökkvilið, heilbrigðiseftirlit, Persónuvernd, Bjarkahlíð og fleirum. Vinnustaðaeftirlitið sendir fjölda tilkynninga til ofan nefndra stofnana og aðila. Tilkynningarnar varða til dæmis slæma meðferð matvæla og óprífnað á vinnustöðum, ófullnægjandi brunavarnir, myndavélakerfi t.d. í eldhúsum og í starfmannaaðstöðu. Þær geta einnig varðað grun um mansal o.fl., eins og fram hefur komið í fréttum í máli sem varðar fólk frá Víetnam.

Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna og Eflingar hefur frá upphafi samstarfsins unnið að því að móta verkferla vegna eftirlitsins og búa til upplýsingaefni sem hægt er að nota í vinnustaðaeftirliti.

Vinnustaðaeftirlitsfulltrúar okkar sækja reglubundið námskeið og ráðstefnur til að dýpka þekkingu sína á mansalsmálum og auka samstarfið við önnur Norðurlönd til að vera í stakk búnir til að takast á við áskoranir sem komið geta upp á vinnumarkaði.

Vinnustaðaeftirlitið reynir einnig að hafa áhrif á löggjöf en nýlega sendi vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna inn umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á ýmsum lögum um samstarf og eftirlit á vinnumarkaði. Sjá nánar : <https://island.is/samradsgatt/mal/3719>



Eftirlitsfulltrúar: Mirabella Blaga
og Adam Kárir Helgason



Helstu kennitölur úr bókhaldi

Félagsgjöld til RSÍ árið 2023 (iðgjöld félagsfólks) námu alls 376,4 milljónum króna og hækkuðu um tæplega 50,1 milljónir, það jafngildir 15,4% hækkun á milli ára. Félagsgjöld sem greidd eru til RSÍ eru 65% af því félagsgjaldi sem félagar greiða til RSÍ og aðildarfélaganna og er nú 1% af heildarlaunum. Fjöldi greiðandi félaga allt árið 2023 voru 6.534 en árið 2022 voru greiðandi kennitölur 6.176 sem er fjölgun um 5,8%.

Rekstrartekjur samstæðunnar í heild námu um 1.182 milljónum árið 2023 í samanburði við tæpar 1.029 milljónir árið 2022. Rekstrargjöld á árinu 2023 námu alls rúmum 1.267 milljónum og því varð rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um rúmar 85 milljónir, vaxtatekjur og gjöld námu 55,1 milljónum og var því rekstrarafkoma ársins neikvæð um rúmar 30 milljónir.

Ástæður þess að halli er á rekstri samstæðunnar eru helst til þær að útgjöld sjúkrasjóðs hafa verið mikil frá því fyrir heimsfaraldur, aukin aðsókn í sjúkrasjóðinn sem og að styrkuppþæðir hafa verið hækkaðar. Í orlofssjóði hefur auk þess verið unnið að endurbótum á ýmsum eignum.

Sambandssjóður er miðja bókhalds RSÍ og aðildarféлага. Sambandssjóður fær 44% af 1% félagsgjaldi sem félagsfólk greiðir. Heildartekjur sambandssjóðs voru um 252,3 milljónum sem er aukning um tæp 15%. Rekstrargjöldin námu rúmum 270 milljónum og því var rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur neikvæð um samtals 17,8 milljónir. Sambandssjóður greiðir auk þess vexti til annarra sjóða sambandsins og aðildarféлага og námu nettó vaxtagreiðslur samtals 10,7 milljónum. Rekstrarafkoma sambandssjóðs er því neikvæð um 28,5 milljónir.



Fundir miðstjórnar

Miðstjórn hefur fundað 14 sinnum á liðnu starfsári, frá maí 2023 til maí 2024, auk þess sem framkvæmdastjórn hefur fundað reglulega, iðulega í aðdraganda miðstjórnarfunda. Fyrirkomulag fundanna hefur verið breytilegt en bæði hefur verið notast við fjarfundarform, staðfundi eða sambland af þessu. Helstu málafni sem miðstjórn hefur fjallað um á þessu starfsári eru mál sem snúa að kjarasamningum, náttúruhamförum í Grindavík auk hefðbundins rekstrar RSÍ og sjóða sambandsins.

Dæmi um málafni sem hafa verið til umræðu á miðstjórnarfundum undanfarið starfsár:

- Skipulagsmál innan RSÍ
- Samstarf Fagfélaganna
- Undirbúningur og gerð kjarasamninga
- Málafni orlofssjóðs
- Vinnustaðaeftirlit og samstarf víðsvegar um landið
- Menntasjóður rafiðnaðarins og ýmsar styrkveitingar

- Úrvinnsla málefna frá þingi RSÍ 2023
- Launakönnun RSÍ
- Launamælaborð
- Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ
- Stefna RSÍ og úrvinnsla ýmissa verkefna tengt stefnunni
 - Þjónustukannanir
- Kynning á kjarasamningum
- Jafnréttismál, aðgerðaráætlun
- Umræða um ýmsa styrki til félagsfólks, flugávísanir o.s.frv.
- Erlent samstarf
- Jólstyrkur til atvinnulausra og þeirra sem eru í veikindum og fá greidda sjúkradagpeninga
- Húsnaðisaðstoð til handa Grindvíkingum vegna náttúruhamfara
- Húsnaðisaðstoð til handa flóttafólki frá Úkraínu
- Og margt fleira

Miðstjórnarfundur



Myndir frá sambandsþingi RSÍ, 2023

Þing RSÍ 2023

Þing RSÍ var haldið á Hótel Hilton dagana 4.-6. maí 2023. 129 þingfulltrúar voru skráðir á þingið. Dagskráin var þétt og mörg málefni sem taka þurfti til umfjöllunar og afgreiðslu. Helstu málaflokkar sem voru til umræðu á þinginu voru laga- og reglugerðarbreytingar, kjaramál, málefni sjóða svo sem sambandssjóðs, sjúkrasjóðs, orlofssjóðs og vinnudeilusjóðs. Hefðbundin málefni þings líkt og skýrsla miðstjórnar, reikningar sambandsins, ákvörðun um skattgreiðslur aðildarfélaganna til sambandsins, kosning sambandsstjórnar, miðstjórnar og kosning skoðunarmanna sem og styrkveitingar fyrir komandi tímabil voru á dagskrá. Þingið var sett með formlegum hætti fyrsta þingdag með ræðu formanns RSÍ, Kristjáns Þórðar Snæbjarnarsonar. Formaður NEF, Sauli Vänti ávarpaði þingið sem og forseti ASÍ, Finnbjörn Hermannsson og framkvæmdastýra UN Women, Stella Samúelsdóttir. Duygu Cakir frá samtökunum Boss Ladies í Danmörku hélt erindi um stöðu kvenna í karllægum iðngreinum, þætti sem hafa áhrif á atvinnuþátttöku þeirra í þessum greinum og hvaða leiðir þarf að fara til að styrkja stöðu þeirra.



Þingfulltrúar og makar þeirra áttu gott kvöld í þingveislu þar sem m.a. Stuðlabandið skemmti gestum,

Kynning var á þeim tillögum sem lágu fyrir varðandi styrkveitingar. Sigurþóra Bergsdóttir frá Bergi headspace kynnti starfsemi Bergs. Um er að ræða lágþröskuldþjónustu vegna t.d. geðsjúkdóma og fíknar þar sem allir á aldrinum 12-25 ára eru velkomnir.

Ólafur Hrafn Steinarsson fyrrum formaður Rafiþróttasamtaka Íslands kynnti þeirra starfsemi og grunn að stofnun félagsins. Starfsemi þeirra er opin öllum. Í kynningunni kom fram að líkamleg þjálfun er hluti af starfseminni því líkamlegur styrkur er mikilvægur þáttur þjálfunar til að þola það álag sem getur fylgt tölvuleikjaspilun í langan tíma. Samþykkt var að veita þessum tveimur aðilum styrk næstu fjögur árin, kr 1.500.000 á ári.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjúkrasjóðs var á sínum stað. Í máli Bjarna Guðmundssonar sem kynnti úttektina kom fram að staða sjóðsins er nokkuð góð en fara þarf varlega í miklar breytingar sem geta leitt til aukinna útgjalda á næstu árum. Sjá nánar í skýrslu þessari um stöðu sjúkrasjóðs á síðasta ár



Félagsfundir vegna kynninga á nýjum kjarasamningi 2024

Félagsfundir sem haldnir hafa verið á liðnu starfsári hafa flestir hverjir tengst kjarasamningum, túlkun þeirra og réttindum. Einnig hafa verið haldnir fjölmennir fundir vegna launamála innan fyrirtækja. Þegar kjarasamningar voru kynntir í mars 2024 héldu Fagfélögin (RSÍ, MATVÍS og VM) sameiginlega fundi. Kynningarfundir voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri, á Sauðarkróki, í Reykjanesbæ, á Selfossi, á Reyðarfirði, í Neskaupsstað og á Egilsstöðum. Að auki var boðið upp á fjarfund þegar samningar voru kynntir í Reykjavík. Fundir voru jafnframt haldnir til að kynna kjarasamninga sem gerðir voru

í kjölfar almennra kjarasamninga, má þar helst nefna fundi vegna kjarasamninga RSÍ og Grafíu við Félag atvinnurekenda sem og samning við Mílu vegna sveina.

Mikil þátttaka var á fundunum og umræður góðar um kjarasamningana. Það er augljóst að þetta fyrirkomulag, sem félagsfólk í aðildarfélögum RSÍ þekkir mjög vel, mælist afar vel fyrir hjá félagsfólki Fagfélaganna. Fagfélögin lögðu mikla áherslu á gerð kynningarefnis og dreifingu þess en á flestum fundunum var kynningarefni aðgengilegt með rafrænum hætti á sama tíma og farið var yfir kynningar. Fagmennska var mikil í þessari kynningarherferð.



Frá Félagsfundum RSÍ vegna kjarasamninga 2024



Orlofssjóður

Orlofssjóður RSÍ heldur utan um eignir sambandsins sem stór hópur félaga okkar nýtir sér til gagns og gamans allt árið um kring. Bókanir eru almennt miklar en eins og gefur að skilja er nýtingin best um helgar þó alltaf sé eitthvað um bókanir í miðri viku. Almennt eru félagar ánægðir með orlofshúsin sem RSÍ á og rekur en lögð hefur verið áhersla á það á undanförunum árum að tryggja sjálfbærnan og góðan rekstur orlofskerfisins. Mikilvægt er að boðið sé upp á gott framboð orlofshúsa um allt land en orlofsnefnd RSÍ hefur lagt áherslu á að tryggja framboð orlofshúsa í öllum landshlutum. Tekist hefur að ná því markmiði með síðustu kaupum þegar lagt var af stað í byggingu orlofshúss í Stykkishólmi. Það hús verður tilbúið til útleigu um miðjan júní 2024. Reglulegt viðhald er nauðsynlegt til að rýra ekki verðgildi eignanna og hefur miðstjórn RSÍ lagt áherslu á að halda

áfram stöðugri uppbyggingu og viðhaldi innan kerfisins.

Í kjölfar þings RSÍ 2023 var kosin ný orlofsnefnd sem hefur lagt mikla vinnu í að rýna stöðu orlofseigna og nýtingu þeirra. Sú vinna heldur áfram af fullum krafti næstu misserin.

Í töflu 1 má sjá nýtingu tjaldsvæða í bæði Miðdal og á Skógarnesi. Þar má sjá mikla fjölgun gesta á milli áráanna 2022 og 2023 eða um 35,5%. Ef horft er aftur til ársins 2020 þá er heildarfjölgun gesta aðeins lægri eða 23,4%. Ekki er ólíklegt að Covid faraldurinn hafi áhrif í þessu sambandi þar sem lítið var um ferðalög erlendis á þeim tíma. Á síðustu 4 árum voru gestir fæstir árið 2022 sem má að öllum líkindum rekja til þess að ferðalög erlendis stóðu landsmönnum til boða það sumar að loknum löngum Covid faraldri. Þær breytingar voru jafnframt gerðar sumarið 2023 að bókunarkerfi tjaldstæða var afnumið í Miðdal. Nokkur kostnaður var við notkun kerfis-



Tafla nr. 1
Nýting tjaldsvæða

	2020	2021	2022	2023	SAMTALS
Tjaldstæði, Miðdal - A	73	169	99		341
Tjaldstæði, Miðdal - B	34	74			108
Tjaldstæði, Miðdal - C	148	82	48		278
Tjaldstæði, Skógarnesi - A	1.070	1.059	1.146	1.541	4.816
Tjaldstæði, Skógarnesi - B	577	527	570	724	2.398
Tjaldstæði, Skógarnesi - C	470	415	163	483	1.531
Tjaldstæði, Skógarnesi - D	377	314	286	529	1.506
Tjaldstæði, Skógarnesi - E			5	314	319
Samtals	2.749	2.640	2.317	3.591	11.297

ins þar og aðsókn í Miðdal hafði dregist saman frá árinu 2021. Ekki er ólíklegt að það hafi haft áhrif á aðsóknina á síðasta ári en margt félagsfólk taldi það svæði ekki opið þar sem ekki var boðið upp á bókunarkerfi á orlofsvefnum. Þegar skoðað er fjöldi kennitalna sem nýtir tjaldsvæðin á milli ára, má sjá að mun færri heimsækja svæðin 2022 en árin tvö á undan. Sumarið 2023 voru gestir flestir í samanburði við árin þrjú á undan enda sumarið með eindæmum gott til útivistar. Nú liggur fyrir að ekki verður hægt að taka upp nýtt fyrirkomulag við bókunarkerfi tjaldsvæðisins, en það hefur því miður verið óþjálmt í notkun, ekki farsímavænt og eingöngu hægt að bóka og greiða fyrir eitt stæði í einu. Við vonum þó að með tímanum takist okkur að gera bókunarkerfi tjaldstæðanna aðgengilegra og þjálta í notkun en verið hefur þó það verði ekki þetta sumarið.

Þegar stríðið hófst í Úkraínu og ljóst að Ísland myndi taka við miklum fjölda flóttafólks þaðan var ákveðið að bjóða tvær íbúðir í Reykjavík og tvær á Akureyri til útleigu fyrir flóttafólk. Samn-

ingur vegna þeirra íbúða var framlengdur til 31.05.2024. Miðstjórn RSÍ tók ákvörðun í vetur um að leigusamningar yrðu ekki endurnýjaðir að þeim tíma loknum. Mikið álag hefur verið á orlofskerfinu á síðasta starfsári og þá íbúðum á höfuðborgarsvæðinu vegna ytri þátta. En í ljósi náttúruhamfara í Grindavík og húsnæðisskorts fyrir íbúa þar var ákveðið að lána íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, orlofshús í Ölfusborgum á Skógarnesi fyrir félagsfólk RSÍ í Grindavík. Fljótlega varð ljóst að mest ásókn var í íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og voru þær allar lánaðar til félagsfólks okkar í Grindavík, að undanskilinni sjúkraíbúð, ásamt báðum orlofshúsunum í Ölfusborgum og einu húsi á Skógarnesi. Leigutíminn í orlofshúsunum stóð stutt en öll húsin voru komin til útleigu fyrir félagsfólk fyrri hluta janúar 2024. Þrjár íbúðir í Reykjavík eru einnig komnar til almennrar útleigu fyrir félagsfólk þar sem það fólk sem hafði þær á leigu er komið í varanlegt húsnæði. Ekki stendur til að leigja þær íbúðir sem eftir standa lengur en til 31.05.2024 þar sem nú liggur fyrir að Grind-

Hyrnaland á Akureyri. Þar hefur aðsókn verið mikil.

víkingar eru ekki að fara til síns heima að svo stöddu og huga þarf að langtímalausnum í húsnæðismálum þeirra.

Aðgerð sem þessi var ekki sársaukalaus þar sem hamfarirnar voru í aðdraganda jólanna en á þeim tíma er bókun mikil í öllum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Rafiðnaðarsambandið fór þá leið að biðla til félagsfólks að gefa eftir bókanir sínar Grindvíkingum til handa. Þess ber að geta að stór hópur félagsfólks tók vel í beiðnir starfsfólks RSÍ um afbókanir og voru þær leigur allar endurgreiddar. Hjá öðrum var staðan flóknari og var farin sú leið að bjóða því fólki upp á hótél í staðinn. Það er hins vegar ljóst að þrátt fyrir góðan samning hlaut af þessu mikill kostnaður sem féll á sambandið og aðildarfélög þess. En verkefnið var göfugt og þakklátir Grindvíkingar sem fengu öruggt húsnæði á þessum erfiðu tímum.

Sumarið 2023 voru tekin í notkun tvö hús í Hálöndum á Akureyri. Um er að ræða glæsileg sumarhús sem standa neðst í Hlíðarfjalli. Opnað var fyrir bókanir um mitt síðasta sumar. Aðsóknin var mikil þar sem allar vikur fuku út og í raun hefur aðsóknin verið mjög mikil frá því opnað var fyrir bókanir.

Ákveðið var að bjóða upp á nýjan orlofskost á meginlandi Evrópu sumarið 2024, útleigutímabil frá 6. júní til 3. október. Um er að ræða rúmgott og sjarmerandi hús í næsta nágrenni Móseldalsins í Þýskalandi. Um er að ræða gamlan búgarð sem er staðsettur í um





hálfra klukkustundar akstursfjarlægð frá Trier með gistiþlássi fyrir 10 manns. Opnað var fyrir bókanir í febrúar 2024. Óhætt er að segja að félagsfólk RSÍ tók þessum nýja orlofskosti afar vel en aðsókn fór fram úr björtustu vonum og ekki tók nema 10 mínútur að fylla bókanir sumarsins. Í kjölfar þessarar miklu aðsóknar var ákveðið að framlengja leigutímabilið til 3. október til að gefa fleirum kost á nýta sér þessa eign.

Miðasala, flug- og ferðaávisanir

Félagsfólki stendur til boða að kaupa veiðikort og útilegukort á niðurgreiddu verði sem

fjöldmargt félagsfólk hefur nýtt. Hægt er að kaupa kortin rafrænt og fá þau heimsend með pósti eða sækja á skrifstofuna á Stórhöfða 29-31. Fyrirkomulag við sölu á útilegukortum er að breytast en markmiðið er að þau kort verði eingöngu rafræn. Á þessu ári verður þó hægt að fá afhent kort á skrifstofunni fyrir þá sem ekki treysta á tæknina. Sala veiði- og útilegukorta hefur verið nokkuð stöðug á milli ára en þó varð nokkur aukning á sölu veiðikorta á milli ára eða um 25%. Einnig getur félagsfólk keypt niðurgreiddar flugávisanir bæði innanlands og erlendis. Innanlands er hægt að kaupa



flugávísun til Húsavíkur og Hafnar í Hornafirði með flugfélaginu Erni. Hægt er að kaupa flugávísanir frá Ícelandair sem nýtast bæði innanlands og erlendis. Í byrjun árs 2023 var farið að bjóða upp á fleiri valmöguleika á flugávísunum frá Ícelandair, en nú er hægt að kaupa gjafabréf að verðmæti kr 30.000 á kr 23.400. Heimilt er að kaupa 4 gjafabréf á hverju almanaksári og nota má fleiri en eitt gjafabréf við hverja bókun. Það er óhætt að segja að félagsfólk hafi tekið þessari nýjung fagnandi en 726 flugávísanir voru seldar á síðasta ári. Kostnaður RSÍ á síðasta ári vegna þessarar niðurgreiðslu er kr. 4.791.600. Jafnframt er ennþá í boði flugávísanir frá Ícelandair eins og hefur verið, þ.e. 25.000 kr flugávísunair á kr 22.500. Það kemur á óvart hversu mikil sala var jafnframt á þeim flugávísunum en sala þeirra dróst saman um aðeins 18%. Sala á flugávísunum Ícelandair þrefaldaðist því á milli ára. Af þessu er hægt að

draga þá ályktun að fjölmargt félagsfólk aðildarfélaga RSÍ var á faraldsfæti á síðasta ári. RSÍ hefur frá árinu 2022 boðið upp á sölu flugávísana frá Niceair, en fall þeirra á síðasta ári hafði áhrif á félagsfólk sem hafði keypt sér flugávísanir en flugfélagið bætti ekki. RSÍ tók á sig þennan skaða sem félagsfólk varð fyrir, þ.e. var búið að nýta flugávísanir við kaup á flugi sem aldrei var farið. Tjón RSÍ vegna þess var rúmlega hálf milljón. Einnig voru óseldar flugávísanir upp á rúma hálfa milljón, kostnaður vegna þess féll einnig á RSÍ. Um nokkurt skeið hefur félagsfólki aðildarfélaga RSÍ staðið til boða að kaupa niðurgreidda ferðaávísun sem veitir aðgang að sértilboðum á hótelum, gistiheimilum og afþreyingu um allt land. Ávísunin gildir sem inneign og hægt að nota til kaupa á gistingu eða öðrum vörum hjá fjölmörgum samstarfsaðilum ávísunarinnar. En alls eru 25 hótélkeðjur og gistiheimili í samstarfinu. RSÍ niðurgreiðir þessa þjónustu um 20% af valinni upphæð eða að hámarki kr 15.000 á hverju almanaksári. 30 punktar dragast frá punktastöðu félagsfólks við fulla nýtingu, eða 1 punktur á hverja 500 kr. niðurgreiðslu. Félagsfólk RSÍ hefur ekki nýtt þennan valkost sem heitið getur en kostnaður RSÍ vegna þessarar þjónustu árið 2023 var um 180.000 kr.

Einarsstaðir

**Nýting orlofshúsa**

Eins og sjá má í töflu 2 er nýting orlofshúsa á síðasta ári svipuð og árið á undan, eða tæp 66% og er orðin nokkuð stöðug á milli ára. Nokkuð breytilegt er á milli ára hvaða orlofshús eða svæði njóta mestra vinsælda. Íbúðirnar á Hverfisgötu eru í fimmta sæti líkt og í fyrra. En í fjórum efstu sætunum eru nýjar eignir frá því á síðasta ári. Vinsælasta húsið er Vatnsfjörður en hafa þarf í huga að það hús er eingöngu í útleigu yfir sumartímann sem er sá tími á árinu sem nýtingin er best. Nýju húsin í Hyrnulandi nutu mikilla vinsælda á síðasta ári enda um að ræða ný og glæsileg hús. Nýtingin er um 90% sem er afar hátt hlutfall þegar haft er í huga að þau fóru ekki útleigu fyrr en seinni hluta júlí mánaðar. Vinsældir hússins á Flórída hafa aukist

nokkuð á milli ára en nýtingarhlutfallið jókst um rúm 11% á milli ára. Vinsældir húsanna á Spáni jukust örlítið á milli ára en þó ekki nóg til að rata inn á topp fimm listann. Athyglisvert er að sjá að sjö orlofshús/svæði eru með um og yfir 80% nýtingu á síðasta ári samanborið við fjögur hús/svæði árið þar á undan. En að sama skapi hefur nýtingarhlutfall lækkað örlítið á milli ára í þeim húsum sem nýtingin er hvað minnst. En þau hús, litla húsið á Kirkjubæjarklaustri og húsin í Klifabotni eru í boði allt árið um kring en sökum staðsetningar er lítil ásókn í þau hús yfir vetrartímann. Einnig voru húsin í Klifabotni lokuð í nokkrar vikur haustið 2023 vegna viðhalds en það er jafnframt sá tími sem hefur notið nokkurra vinsælda.

Tafla nr. 2
Nýting orlofshús

2021-2023	DAGAR	LEIGA	HLUTFALL	RÖÐ	DAGAR	LEIGA	HLUTFALL	RÖÐ	DAGAR	LEIGA	HLUTFALL	RÖÐ
Orlofseign		2023	2023			2022	2022			2021	2021	
Akureyri - Furulundur (5)	1.825	707	38,7%	21	1.825	1.319	72,3%	11	1.825	1122	61,48%	15
Akureyri - Kristjánshagi (6)	2.190	1.736	79,3%	7	2.190	1.639	74,8%	9	2.190	1.334	60,91%	16
Akureyri - Hyrnaland (2)	304	275	90,5%	2								
Illugastaðir (1)	365	140	38,4%	22	365	183	50,1%	21	365	185	50,68%	18
Einarsstaðir (2)	730	572	78,4%	8	730	495	67,8%	13	730	549	75,21%	3
USA - Flórída (1)	365	322	88,2%	3	730	562	77,0%	7	730	468	64,11%	13
Bolungarvík (1)	365	182	49,9%	19	91	46	50,4%	20				
Klaustur B hús (1)	365	256	70,1%	13	365	353	96,7%	1	365	116	31,78%	21
Klaustur lítill hús (1)	730	119	16,3%	24	730	161	22,1%	23	730	59	8,08%	22
Klifabotn/ Illugastaðir (2)	730	275	37,7%	23	730	297	40,7%	22	730	337	46,16%	19
Reykjavík - Gerplustræti (2)	730	553	75,8%	11	730	595	81,5%	2	730	510	69,86%	7
Reykjavík - Hverfisgata (4)	1.277	1.112	87,1%	5	1.277	999	78,2%	5	1.095	776	70,87%	6
Reykjavík - Ljósheimar (5)	1.825	809	44,3%	20	1.825	1.424	78,0%	6	1.825	1218	66,74%	9
Skógarnes - minni hús (4)	1.460	1.281	87,7%	4	1.460	990	67,8%	13	1.460	957	65,55%	11
Skógarnes - stóra húsið (1)	365	237	64,9%	17	365	208	57,0%	19	365	204	55,89%	17
Skógarnes - stærri hús (10)	3.650	2.437	66,8%	15	3.650	2.386	65,4%	15	3.650	2.428	66,52%	10
Spánn - La Zenia (3)	1.095	894	81,6%	6	1.095	871	79,5%	4	1.095	468	42,74%	20
Miðdalur (4)	1.460	963	66,0%	16	1.460	1.176	80,5%	3	1.460	945	64,73%	12
Svignaskarð (2)	730	455	62,3%	18	730	475	65,1%	17	730	489	66,99%	8
Vaglaskógur (1)	365	280	76,7%	10	365	266	72,9%	10	365	281	76,99%	2
Varmahlíð (1)	365	283	77,5%	9	365	258	70,7%	12	365	229	62,74%	14
Vatnsfjörður (1)	112	108	96,4%	1	112	86	76,8%	8	112	84	75,00%	4
Vestmannaeyjar (1)	365	258	70,7%	12	365	233	63,8%	18	240	258	107,50%	1
Ölfusborgir (2)	730	511	70,0%	14	730	476	65,2%	16	730	543	74,38%	5
	22.498	14.765	65,6%		22.285	15.498	69,5%		21.887	13.560	61,95%	

Tekjur og gjöld á hvert orlofshús

Í töflu 3 má sjá hver kostnaðurinn er af rekstri orlofshúsa RSÍ ásamt því að sýndur er samanturður á milli ára. Leiga sem hlutfall af rekstrar-kostnaði er örlítið hærri en á síðasta starfsári, hækkar um tæp 5 prósentustig. Eins og sjá má í töflu 3 er kostnaður við húsin breytilegur á milli ára sem skýrist að mestu leyti vegna kostnaðar vegna viðhalds og endurbóta. Viðhald er mikilvægur þátt í rekstri orlofshúsakerfis og kostnaður sem ekki verður komist hjá í kerfi sem þessu. Markmiðið er að veita góða þjónustu með góðum orlofshúsum/íbúðum sem uppfylla kröfur félaga okkar sem og að rýra ekki eignastöðu sjóðsins. Jafnframt er rétt að geta þess að greining á kostnaði á orlofssvæðum sem eru alfarið í eigu RSÍ getur tekið meiri sveiflum en önnur svæði þar sem RSÍ eitt ber kostnað af stærri framkvæmdum eða greiðir stærri hluta. Sem dæmi má sjá að leiga sem hlutfall af kostnaði í Miðdal hefur hækkað um 17% frá fyrra ári þar sem mikill kostnaður var þar vegna framkvæmda á árinu 2022. Húsin á Skógarnesi eru að eldast og reglulegur kostnaður sem fellur til á því svæði vegna viðhalds eins og sjá má á stöðu stærri húsanna. En leiga sem hlutfall

af kostnaði á þeim hefur lækkað um 6% á milli ára. Sjá má nokkrar breytingarnar á milli ára á íbúðunum í Reykjavík að Hverfisgötu undanskilinni þar sem farið var í miklar afbókanir vegna náttúruhamfara í Grindavík eins og fram hefur komið hér að framan. Rekstrarstaða íbúðanna á Spáni hefur lagast verulega frá fyrra ári þar sem þá þurfti að ráðast í viðamiklar aðgerðir vegna samskiptaerfiðleika sem þar voru.

Eins og sjá má í töflu 3 hefur hlutfall leigu af kostnaði vegna Flórída lækkað verulega á milli ára. Skýringu á því má rekja til aukins kostnaðar vegna viðhalds, en húsið var málað ásamt því að ráðast þurfti í viðgerðir á þaki. Einnig voru húsgögn endurnýjuð s.s. rúm, sófi í stofu, borðstofustólar ofl. Einnig hefur kostnaður vegna almenns reksturs þar hækkað verulega eða um 56% á milli ára. Hafa þarf þó í huga að kostnaður vegna vatns og rafmagns fellur undir þennan lið þar sem þjónustaðili hefur tekið yfir greiðslur á þeim kostnaði sem er breyting frá árinu á undan. Þennan kostnað þarf að rýna til að sjá hvar þessi mikla hækkun liggur, við vitum að allt hefur hækkað, en mikilvægt er að greina hvar mesta hækkunin liggur.



Mynd frá orlofshúsi RSÍ á Spáni

Tafla nr. 3
Tekjur og gjöld

2023	FJÖLD.HÚS Á ÁRSG. VELLI	HEILDAR- TEKJUR 2023	HEILDAR- GJÖLD 2023	TEKJUR PR. HÚS 2023	GJÖLD PR. HÚS 2023	LEIGA SEM HLUTFALL AF REKSTRAR- KOSTNAÐI 2023	2022	2021
Reykjavík - Ljósheimar	5	6.900.650	13.833.426	1.380.130	2.766.685	49,9%	53,9%	70,9%
Reykjavík - Hverfisgata	4	8.497.694	10.158.189	2.124.424	2.539.547	83,7%	75,2%	114,6%
Reykjavík - Gerplustræti	2	3.698.112	4.945.221	1.849.056	2.472.611	74,8%	102,7%	98,0%
Svignaskarð	2	1.819.380	5.144.719	909.690	2.572.360	35,4%	41,8%	39,7%
Vatnsfjörður - Flókalundur	1	383.700	2.045.156	383.700	2.045.156	18,8%	14,5%	19,5%
Varmahlíð	1	1.437.600	2.066.698	1.437.600	2.066.698	69,6%	100,1%	87,9%
Akureyri - Furulundur	5	6.200.550	7.945.040	1.240.110	1.589.008	78,0%	76,8%	49,3%
Akureyri - Kristjánshagi	6	11.036.350	14.811.940	1.839.392	2.468.657	74,5%	85,9%	77,7%
Vaglaskógur	1	1.838.900	3.958.214	1.838.900	3.958.214	46,5%	63,1%	60,0%
Akureyri - Hyrnaland	2	2.941.100	3.790.672	1.470.550	1.895.336	77,6%		
Einarsstaðir	2	1.336.900	8.052.377	668.450	4.026.189	16,6%	13,4%	23,6%
Klifabotn	2	839.600	1.560.063	419.800	780.032	53,8%	53,7%	51,2%
Illugastaðir	1	736.800	3.573.855	736.800	3.573.855	20,6%	27,7%	54,5%
Klaustur B & 2 lítil hús	3	2.094.900	1.810.716	698.300	603.572	115,7%	57,1%	26,9%
Skógarnes - minni hús	4	5.493.750	16.120.882	1.373.438	4.030.221	34,1%	33,4%	32,2%
Skógarnes - stærri hús	10	12.911.800	40.302.206	1.291.180	4.030.221	32,0%	37,6%	42,4%
Skógarnes - stóra húsið	1	3.355.300	4.030.221	3.355.300	4.030.221	83,3%	80,8%	66,5%
Skógarnes - Tjald- svæði	3	9.283.285	12.090.662	3.094.428	4.030.221	76,8%	45,8%	57,9%
Ölfusborgir	2	1.908.350	3.710.430	954.175	1.855.215	51,4%	41,4%	49,1%
Miðdalur	4	8.487.289	19.223.572	2.121.822	4.805.893	44,2%	26,5%	23,0%
Miðdalur Svæði	1	3.776.889	4.805.893	3.776.889	4.805.893	78,6%	26,5%	23,0%
Miðdalur - Tjald- svæði	0,75	1.770.900	3.604.420	2.361.200	4.805.893	49,1%	26,5%	23,0%
Spánn - La Zenia	3	7.871.000	5.149.156	2.623.667	1.716.385	152,9%	71,4%	141,2%
USA - Flórída	1	3.814.500	10.426.908	3.814.500	10.426.908	36,6%	120,6%	40,6%
Bolungarvík	1	1.208.400	1.267.131	1.208.400	1.267.131	95,4%	31,3%	0,0%
Vestmannaeyjar	1	1.500.800	3.958.733	1.500.800	3.958.733	37,9%	61,9%	110,4%
Meðaltal	69	111.144.499	208.386.499	44.472.700	83.120.852	61,1%	54,8%	55,3%

Sumar- og páska úthlutun 2024

Opið er fyrir umsóknir vegna páska í janúar ár hvert og úthlutun gerð í febrúar. Opið er fyrir umsóknir vegna sumar í í febrúar ár hvert og úthlutað út frá punktastöðu í byrjun mars. Eftir langt Covid tímabil þar sem aðsókn í orlofshús RSÍ jókst verulega er kominn stöðugleiki á fjölda umsókna um sumarleigur en rétt tæplega 700 umsóknir bárust um orlofshús sumarið 2024 sem er svipaður fjöldi umsókna og bárust árið á undan.

Slembiúthlutun var framkvæmd í annað sinn í ár en 198 umsóknir bárust vegna páska samanborið við 75 árið á undan. Það má því segja að félagsfólk sé að átta sig á þessum möguleika, þ.e. að hægt sé að leigja orlofshús þrátt fyrir lága punktastöðu. Hægt var að sækja um 5 hús í slembiúthlutuninni fyrir bæði páska og sumar, þ.e. Leturberg í Miðdal, Skógarnes 10, Furulund 8K, Kristjánshaga 2 íbúð 106 og Einarsstaði 13. 80 umsóknir bárust vegna punktaúthlutunar um páska. Hæsta punktastaða þeirra sem fengu úthlutað var 385 og lægsta punktastaða var 92.259 umsóknir bárust vegna slembiúthlutunar fyrir sumar. Niðurstöðurnar sýna að fjölmargir unnu í happdrættinu þrátt fyrir mjög lága punktastöðu. En 22% þeirra félaga sem sóttu um í slembi og fengu úthlutun voru með 50 punkta eða færri. Í einhverjum tilvikum var punktastaða umsækjanda mjög há og hefði líklega skilað viðkomandi leigu út frá punktastöðu. Niðurstöður úthlutunar út frá punktastöðu eru

birtar á heimasíðu RSÍ í kjölfar úthlutunar ár hvert. Sumartímabilið er frá 24. maí til 24. ágúst sem þýðir að 630 útleiguingar eru í pottinum. Þrátt fyrir að fjöldi umsókna séu aðeins 70 fleiri en útleiguingarnar þá fengu fleiri synjun en sem nemur þessum mismun en þó nokkrar vikur stóðu lausar eftir að úthlutun var lokið. Það skýrist af því að mikill þungi umsókna er á vinsælasta tímanum og því eru margir sem fengu ekki það sem þeir vildu. En nokkuð var af lausum vikum í júní og seinni hluta ágúst. Í töflu 4 má sjá hæstu og lægstu punkta í hverju orlofshúsi fyrir sig sem og punktastöðu þess sem fékk úthlutun í hverri viku fyrir sig. Ef við rýnum í tölfræðina og skoðum meðaltal punktafjölda sem þurfti til úthlutunar var meðaltalið 2024 209 punktar, árið 2023 var það 221 punktar, 2022 var meðaltalið 210 punktar samanborið við 236 punkta 2021. Ljóst er að víða má sjá háar punktastöðu í umsóknum þetta árið, en hæsta punktastaða þess sem fékk úthlutun er 529 punktar. En að sama skapi er lægsta punktastaðan -41, er vissulega um miðjan ágúst þegar aðsókn er farin að minnka.

Nokkuð margar vikur gengu hins vegar ekki út eða 32. Þær vikur fóru í pott að loknum báðum úthlutunum fyrir þau sem höfðu fengið synjun.

Tafla nr. 4
Punktastaða í sumarúthlutun

Orlofshús sumar 2024/ leiga byrjar	24/05	31/05	07/06	14/06	21/06	28/06	05/07	12/07	19/07	26/07	02/08	09/08	16/08	Flestir punktar	Fæstir punktar	Meðaltal
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 105				233	290	188	139	146	242	121	165			290	121	191
Akureyri - Furulundur 8P						298	176	-98	435	167	41	403		435	-98	203
Akureyri - Furulundur 8T						179	73		228	141		213		228	73	167
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 106			83					132				142		142	83	119
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 107				117		166	120	135	158		129			166	117	138
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 206	131			55	274	243	234	107	249	132	18	371		371	18	181
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 207			17	344	332	341	243	437	247	361	245			437	17	285
Akureyri - Kristjánsh. 2, íbúð nr 208				89		143	83	34	146		94			146	34	98
Akureyri-Furulundur 8K			199				77							199	77	138
Akureyri-Furulundur 8N					134	141	171	81	248	286	265	353		353	81	210
Einarsstaðir 13					75	189	286	236	252	213	262	148	86	286	75	194
Einarsstaðir 30					382	201	392	340	425	441	321	381	188	441	188	341
Einarsstaðir 4			219	278	186	190	368	464	359	234	262	150	168	464	150	262
Flókalundur Vatnsfirði		99				95	283	376	156	192	337	148	164	376	95	206
Hlíðarvegur 20, Siglufjörður - íbúð 0002 - Gagginn	181				249	187	226	216	307	254	137	152		307	137	212
Hyrnaland 5 í Hálöndum Akureyri		146	184	306	165	324	253	467	404	383	313	191	226	467	146	280
Hyrnaland 7 í Hálöndum Akureyri				235	148	195	247	283	381	331	267	139	126	381	126	235
Illugastaðir 4				135	236	115	266	382	355	203	442	335	215	442	115	268
Kirkjubæjarklaustur 2							169	234	10			282		282	10	174
Kirkjubæjarklaustur B Hundar velkomnir				195	253	245	217	334	114	290	106	76		334	76	203
Klifabotn A, Lónssveit				295		158	361	349	305	315	206	89		361	89	260
Miðdalur - Gutenberg (Hús nr. 1)			155	10		391	316	157	137	77	470	136		470	10	205
Miðdalur - Leturberg (Hús nr 2)					175			53	201	240				240	53	167
Miðdalur - Litaberg (nr.7) - Hundar velkomnir			59	375	161	345	135	226	123	308	215	101	215	375	59	206
Miðdalur - Rúnaberg			230	52			147	361	300	187	218	59	113	361	52	185

Skógarnes nr 1		209		312	89	150	207	167	254	157	243	50		312	50	184
Skógarnes nr 10						27		25				151	67	151	25	68
Skógarnes nr 11					83	136	152	164	168	156	186	75	61	186	61	131
Skógarnes nr 12 (hundar velkomnir)	56	99	184	300	234	122	202	262	202	249	254	189	144	300	56	192
Skógarnes nr 13			129	258	166		184	210	201	123	237	128	103	258	103	174
Skógarnes nr 14			66	247	152		150	166	136	113	216	124	89	247	66	146
Skógarnes nr 2		139		168	60	106	135	158	145	120	226			226	60	140
Skógarnes nr 3				133		98	133	142	137	47	179			179	47	124
Skógarnes nr 4						4	121	96	105	43	137			137	4	84
Skógarnes nr 5	126		157	342	345	320	210	274	328	321	350	169	204	350	126	262
Skógarnes nr 6	6		152	297	308	186	202	248	253	247	266	140	135	308	6	203
Skógarnes nr 7			109		201	173	180	212	202	237	222	123	83	237	83	174
Skógarnes nr 8			50	196	177	164	174	204	185	180	195	91	81	204	50	154
Skógarnes nr 9				180	137	142	158	178	170	163	187	83	78	187	78	148
Skógarnes v.Apavatn stóra húsið	141	339			462	134	367	331	328	243	224	392	134	462	134	281
Stykkishólmur, Aðalgötu 15a				402	266	297	296	356	379	331	383	284	262	402	262	326
Svignaskarð nr.3			161	345	288	92	28	99	153	141	286		11	345	11	160
Svignaskarð nr.4			132	206	144		13	12	138	97	185			206	12	116
Vaglaskógur	223	290	375	257	364	330	419	337	442	529	463	312	302	529	223	357
Varmahlíð, Skagafirði			286	386		331	292	216	311	332	203	141	-41	386	-41	246
Vestmannaeyjar, Foldarhraun 9	343	221	395	250	494	324	362	426	392	309	473	307	99	494	99	338
Vítastigur 10, 415 Bolungarvík		-2		139	237	101	160	294	509	330	154	142		509	-2	206
Ölfusborgir 13				97	112	120	136		55					136	55	104
Ölfusborgir 16	352			131	265	266	185	135	120	148	215			352	120	202
Flestir punktar	352	339	395	402	494	391	419	467	509	529	473	403	302	529		
Fæstir punktar	6	-2	17	10	60	4	13	-98	10	43	18	50	-41		-98	
Meðaltal	173	171	167	223	225	194	205	221	241	226	238	188	133			209



Styrktarsjóður

Styrktarsjóður RSÍ er einn mikilvægasti sjóður Sambandsins og hefur nýtingin á honum aukist jafnt og þétt síðustu árin. Sjúkradagpeningar eru greiddir til þeirra félaga sem hafa fullnýtt veikindarétt hjá vinnuveitanda og verða þar með tekjulausir á veikindatíma. En þessi þáttur hefur aukist hratt á undanförunum árum. Í ljósi hækkandi útgreiðslna úr sjóðnum var tekin ákvörðun á Sambandsþingi RSÍ 2023 að færa rétt til sjúkradagpeninga úr 12 mánuðum í 8 mánuði. Breyting þessi tók gildi frá þingi á síðasta ári, það þýðir að allir þeir sem voru byrjaðir að fá greidda sjúkradagpeninga á þeim tíma áttu rétt á 12 mánaða greiðslum. Af þeim sökum munu áhrif þessara breytinga ekki koma skýrt fram fyrr en á árinu 2024. Á undanförunum árum hefur verið mikil aukning á útgreiðslu styrkja og sjúkradagpeninga en útgreiðslur sjúkradagpeninga 2023 jukust um 11,4% frá fyrra ári sem er mun meiri hækkun en var á milli árána 2021 og 2022, var 4,3%, sjá töflu 5. Þessi þróun hefur verið viðvarandi fyrir utan örlitla lækkun á milli árána 2020 og 2021. Ef við horfum aftur til ársins 2019 má sjá að hækkun hefur verið tölu-

vert mikil eða um 38% árið 2020 en um 44% árið 2019. Það er þó ánægjulegt að hægt hefur á þessari þróun og hækkun minni í dag en var á þessum árum. Það er augljóst að við þessar aðstæður kemur hlutverk sjóðsins sterkt fram fyrir félagsfólk RSÍ.

Heildarútgjöld sjúkrasjóðs 2023 hækkuðu um 19,3% frá árinu á undan. Skýringu á þessari miklu hækkun á milli ára má að stærstum hluta skýra með almennri hækkun á upphæðum en 1. janúar 2023 voru allir styrkir hækkaðir um 10%. Gleraugnastyrkur hækkaði að auki úr kr 40.000 í kr 80.000 en hækkun á útgreiðslum vegna þessa er 69,5% á milli ári. En samhliða voru jafnframt fleiri sem fengu greiddan gleraugnastyrk, voru 357 árið 2022 en 436 árið 2023 sem er fjölgun upp á 22%. Líkamsræktarstyrkur hækkaði úr kr 30.000 í kr 50.000 og endurgreiðsluhlutfall var aukið í 60%, sem er hækkun upp á 68,5% á milli ára. Einnig má sjá í töflu 5 að töluvert fleiri sóttu um líkamsstyrk 2023 samanborið við 2022, eða 16% fleiri. Jafnframt kom sú viðbót inn í kjölfar þings 2023 að hægt er að sækja um líkamsræktarstyrk vegna kaupa á kortum á baðstöðum víðsvegar um

Tafla nr. 5
Tegund og fjöldi styrkja

	2023		2022		MISMUNUR		
TEGUND STYRKJA	UPPHÆÐ	FJÖLDI KENNITALA		FJÖLDI KENNITALA	UPPHÆÐ	%	FJÖLDI KENNITALA
Sjúkradagpeningar	349.113.964	181	313.449.835	183	35.664.129	11,4%	-1,1%
Fæðingarstyrkur	25.872.000	168	22.400.000	152	3.472.000	15,5%	10,5%
Jólastyrkur	824.342	15	1.149.753	18	-325.411	-28,3%	-16,7%
Ferðastyrkur	243.200	5	132.000	5	111.200	84,2%	0,0%
Líkamsræktarstyrkir (eldri)	65.822.360	1.666	39.053.148	1.436	26.769.212	68,5%	16,0%
Sjúkrþjálfun og nudd	14.762.986	545	11.943.166	447	2.819.820	23,6%	21,9%
Kostnaðarsamar lækniáðgerðir	6.818.499	80	5.396.399	50	1.422.100	26,4%	60,0%
Gleraugnastyrkur	21.104.721	436	12.449.810	357	8.654.911	69,5%	22,1%
Hjartavernd	3.537.812	131	2.422.848	84	1.114.964	46,0%	56,0%
Frjósemisaðgerðir	7.644.008	48	4.753.470	38	2.890.538	60,8%	26,3%
Krabbameinsskoðun	3.320.105	135	2.105.688	107	1.214.417	57,7%	26,2%
Dánarbætur til barna	0		1.195.970	1	-1.195.970	-100,0%	-100,0%
Dánarbætur til foreldra	490.000	1	0	1	490.000	100,0%	100,0%
Eingreiddar dánarbætur	11.589.900	40	11.687.400	50	-97.500	-0,8%	-20,0%
Viðtalsmeðferð - sálfræðingar	16.389.411	388	14.183.311	326	2.206.100	15,6%	19,0%
Aðrir styrkir	200.000	1				100,0%	100,0%
Heyrnartæki	2.969.051	28	2.418.483	23	550.568	22,8%	21,7%
Stoðtæki	495.037	34	380.691	24	114.346	30,0%	41,7%
SAMTALS	531.197.396	3.902	445.121.972	3.302	85.875.424	19,3%	18,2%

land. Ekki er ólíklegt að það hafi átt sinn þátt í að fleiri sóttu um líkamsræktarstyrk í fyrra en árið á undan þar sem fjölmargt félagsfólk hefur óskað eftir þessum breytingum í nokkurn tíma. Miðstjórn RSÍ hefur sett sér það viðmið að útgreiðslur fari ekki mikið umfram 65% af tekjum sjóðsins við eðlilegar aðstæður en við þau mörk er rekstur sjóðsins sjálfbær, árlegar tekjur standa undir rekstri ársins. Til viðbótar við greidda styrki bætist rekstur sjóðsins. Sjóðurinn er hins vegar sterkur og stendur vel undir þessum auknu útgjöldum og getur tekist á við áframhaldandi aukningu í nokkur ár hið minnsta. Hlutverk sjóðsins kemur hins vegar sterkt fram við þessar aðstæður, að styðja við félagsfólk þegar á reynir. Í töflu 5 koma fram útgreiðslur styrkja og sjúkradagpeninga 2023 og samanburður við árið 2022.

Staða er varðar einstaka styrki kemur fram í töflunni sem og breytingar á milli ára, þ.e. hvort útgjöld hækka eða lækka. Þar kemur fram að mun algengara er að útgjöld aukist frekar en að þau dragist saman hvað einstaka styrki varðar. Í töflunni má sjá umtalsverðar hækkunir á milli ára sem rekja má til þeirra breytinga sem voru gerðar 1. janúar 2023. Þar vegur þýngst hækkun á líkamsræktarstyrk og gleraugnastyrk. Kostnaður vegna frjósemismeðferðar jókst einnig töluvert en það má rekja til hækkunar á þeim styrk sem samþykkt var á þingi RSÍ 2023. Þar má einnig sjá að 10 fleiri sóttu um þann styrk 2023 en árið á undan.

Hægt hefur á útgjaldaaukningu vegna viðtalsmeðferðar, hækkun var 38% 2022 en 15,6% árið 2023. Hækkun þessa styrks hefur verið vaxandi síðustu ár eða frá árinu 2019. Það er því fyrst núna sem hækkun á milli ára er minni en hefur verið síðustu ár. Vissulega er um aukningu að ræða, en samhliða sóttu fleiri um þennan styrk

2023 en árið á undan. Af því má draga þá ályktun að mögulega eru færri meðferðartímar á bak við hverja kennitölu.

Erfitt er að finna skýringar á þessari aukningu síðustu ára en mögulega getur skýringin verið sú að almenn meðvitund um mikilvægi þess að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda sé meiri en var. Lítil breyting varð á útgjöldum vegna umsókna um fæðingarstyrk, jókst um rúm 15% á milli ára sem er einna minnsta hækkunin á milli ára af öllum styrkjum sem greiddir eru út. Útgreiðslur vegna sjúkrabjálfunar hækkuðu um 23,6% sem er minni hækkun á milli ára en frá fyrra ári, var þá 38%. Samhliða þessari hækkun á milli ára eru nokkuð fleiri sem sækja um þennan styrk en árið áður eða, 22% fjölgun frá árinu á undan. Kostnaður vegna lækningþjónustu heldur áfram að hækka, hækkunin er þó töluvert minni en frá árunum á undan. Þeim sem sækja um þennan styrk hefur hins vegar fjölgað mun meira sem segir okkur að stór hópur þeirra sem sækir um þennan styrk er ekki að fullnýta hann sem er mikil breyting frá fyrra ári þar sem fram kom að kostnaður per kennitölu var mun hærri. Nánari upplýsingar um upphæðir í hverjum styrktarflokki er að finna í töflu 5, auk breytinga á milli ára.

Stjórnir og nefndir RSÍ

Framkvæmdastjórn

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnars., FRV
Varaformaður: Andri Reyur Haraldsson, FÍR
Ritari: Bára Laxdal Halldórsdóttir, FRV
Gjaldkeri: Jakob Tryggvason, FTF
Meðstjórn: Haraldur Örn Sturluson, FÍS
Meðstjórn: Georg Páll Skúlason, GRAFÍA
Meðstjórn: Hörður Bragason, FRV
Meðstjórn: Steinar Guðjónsson, FRS
Meðstjórn: Finnur Víkingsson RFN
Meðstjórn: Eiríkur Arnar Björgvinsson, RFS

Miðstjórn (auk framkvæmdastjórnar)

Aðalmenn

Helga Sigurbjörnsdóttir, FÍR
Eiríkur Jónsson, FÍR
Guðmundur Ævar Guðmundsson, FÍR
Jökull Harðarson, FÍR
Þór Hinriksson, FÍR
Sigurður Freyr Kristinsson, FÍR
Anna Melsteð, FTF
Ragnar G. Gunnarsson, FTF
Sigurjón Guðni Ólason, FTF
Elma Bjarney Guðmundsdóttir, FTF
Hrönn Jónsdóttir, GRAFÍA
Sigmundur Þórir Grétarsson, RSÍ-ELDRI
Haraldur Örn Arnarsson, RSÍ-UNG

Varamenn

Viðar Már Þorsteinsson, FÍR
Guðmundur Gunnarsson, FÍR
Katrín Ösp Guðjónsdóttir, FÍR
Róbert Steingrímsson, FTF
Sigríður Rósa Bjarnadóttir, FTF
Páll S. Guðmundsson, FTF
Hafþór Ólafsson, FTF
Davíð E. Sigmundsson, FRV
Þórunn S. Jónsdóttir, FRV
Magnús Sveinsson, FÍS
Ágúst Friðriksson, RFN
Kristján Eldjárn Þorgeirsson, FRS
Margrét Halldóra Arnarsdóttir, RFS

Anna Haraldsdóttir, GRAFÍA
Marianna Ragna Guðnadóttir, RSÍ-UNG
Guðmundur Geir Hauksson, RSÍ-UNG

Sambandsstjórn (auk framkvæmdastjórnar, miðstjórnar og varamanna miðstjórnar)

Aðalmenn

Borgþór Hjörvarsson, FÍR
Jakob Þór Leifsson, FÍR
Björn Hilmarsson, FÍR
Guðjón Viðar Guðjónsson, FÍR
Aðalsteinn Bragason, FÍR
Móeiður Helgadóttir, FTF
Gunnar Ásgeirsson, FTF
Elva Sara Ingvarsdóttir, FTF
Sigurður Ingi Kjartansson, FTF
Máni Huginsson, FTF
Lydía Grétarsdóttir, FTF
Haukur Þór Ólafsson, FRV
Sunna Sveinsdóttir, FÍS
Sigurður Ingi Friðriksson, RFN
Jón Grétar Herjólfsson, RFS
Guðmundur Smári Jónsson, FRS
Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA
Þorkell Svarfdal Hilmarsson, GRAFÍA
Oddur Þór Unnsteinsson, RSÍ-UNG
Gunnar Rafn Jónsson, RSÍ-UNG

Varamenn

Reynir Sigurbjörnsson, FÍR
Örvar Jóhannesson, FÍR
Adam Benedikt Burgess Finnsson, FÍR
Þór Ottesen Pétursson, FÍR
Björn Helgason, FTF
Ólafur Ragnar Halldórsson, FTF
Sigurður J. Guðmundsson, FTF
Andri Guðmundsson, FTF
Ármann Helgi Guðmundsson, FRV
Andri Jóhannesson, FRV
Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, GRAFÍA
Ásbjörn Sveinbjörnsson, GRAFÍA
Jónína R. Kristjánsdóttir, FÍS
Sighvatur Daniel Sighvat, RFN

Anný Björk Guðmundsdóttir, FRS
 Arnar Stefánsson, RFS
 Styrmir Eero Henttinen, RSÍ-UNG

RSÍ-UNG

Formaður: Haraldur Örn Arnarson, GRAFÍA
 Varaformaður: Marianna Ragna Guðnad., FÍR:
 Gjaldkeri: Oddur Þór Unnsteinsson, FRV
 Ritari: Styrmir Eero Henttinen, FÍR:
 Meðstjórn: Guðmundur Geir Hauks., FÍR
 Meðstjórn: Ísak Róbertsson, FÍR
 Meðstjórn: Markús Arnar Halldórss., RFS
 Meðstjórn: Helga Sigurbjörnsdóttir, FÍR
 Meðstjórn: Gunnar Rafn Jónsson, FÍR
 Starfsmaður: Björn Eysteinnsson

RSÍ-ELDRI

Formaður: Sigmundur Þórir Grétarsson, FÍR
 Varaformaður: Bára Laxdal Halldórsd., FRV
 Ritari: Þór Ottesen Pétursson, FÍR
 Gjaldkeri: Jón Trausti Harðarson, GRAFÍA

Starfsnefndir miðstjórnar

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga:

Adam Kári Helgason, FÍR

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna

afgreiðslu kjarasamninga:

Adam Kári Helgason, FÍR

Andri Jóhannesson, FRV

Fjölskylduhátíðarnefnd RSÍ

Sigríður Rósa Bjarnadóttir (formaður),
 Borgþór Hjörvarsson, Viðar Þorsteinsson,
 Páll S. Guðmundsson og Adam Kári
 Helgason (starfsmaður).

Golfnefnd RSÍ

Guðjón Viðar Guðjónsson, Þorkell Svarfdal
 Hilmarsson, Hlín Guðjónsdóttir og
 Helgi Einarsson.

Jafnréttisnefnd RSÍ

Anna Melsteð, Elma Bjarney Guðmundsdóttir,
 Haukur Þór Ólafsson, Díana Hrönn Sigurfinns-
 dóttir, Ágúst Friðriksson, Hafliði Bjarki Magn-
 ússon, Helga Sigurbjörnsdóttir (formaður)
 og Sigrún Sigurðardóttir (starfsmaður).

Launanefnd RSÍ

Kristján Helgason, Andri Jóhannesson, Þór
 Hinriksson, Þorkell Svarfdal Hilmarsson, Elma
 Bjarney Guðmundsdóttir (formaður) og
 Kristján Þórður Snæbjarnarson (starfsmaður).

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ

Eiríkur Jónsson, Andri Reyur Haraldsson,
 Jakob Tryggvason, Þórunn S. Jónsdóttir,
 Georg Páll Skúlason (formaður) og Elsa María
 Rögnvaldsdóttir (starfsmaður).

Lífeyrisnefnd RSÍ

Georg Páll Skúlason, Andri Reyur Haralds-
 son (formaður), Sigþór Gunnar Sigþórsson,
 Jakob Tryggvason, Sigríður Rósa Bjarnadóttir,
 Sigurður Ingi Friðriksson, Haukur Þór Ólafsson
 og Sigmundur Þórir Grétarsson.
 Varamaður: Guðjón Viðar Guðjónsson.

Menntanefnd RSÍ

Margrét Halldóra Arnarsdóttir (formaður),
 Finnur Víkingsson, Marianna Ragna Guðna-
 dóttir, Eiríkur Jónsson, Jón Sveinberg Birgis-
 son, Ragnar G Gunnarsson og Guðmundur
 Ævar Guðmundson.

Orlofsnefnd RSÍ

Haraldur Örn Sturluson, Sigmundur Grétars-
 son, Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir, Eiríkur Arnar
 Björgvinsson, Sighvatur D. Sighvatz, Einar J.
 Sigmarsson, Kristján Eldjárn Þorgeirsson, Jón
 Bjarni Jónsson, Anna Melsteð (formaður)
 og Björn Ágúst Sigurjónsson (starfsmaður)
 Varamenn: Borgþór Hjörvarsson
 og Hafþór Ólafsson.

Alþjóðanefnd

Birgir Ingi Jónasson, Þór Hinriksson, Borgþór Hjörvarsson, Kolbrún Guðmundsdóttir, Sigríður Rósa Bjarnadóttir og Marianna Ragna Guðnadóttir (formaður).

Siðanefnd RSÍ

Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haukur Þór Ólafsson og Sæunn Hrund Björnsdóttir

Stjórn Rafmenntar

Andri Reyр Haraldsson varaformaður, Andri Jóhannesson meðstjórnandi, Margrét Halldóra Arnarsdóttir meðstjórnandi, Ragnar G. Gunnarsson meðstjórnandi og Finnur Víkingsson varamaður.

Öryggisnefnd RSÍ

Hörður Bragason, Elvar Örn Brynjólfsson, Andri Reyр Haraldsson, Sigurður Freyr Kristinsson (formaður), Eiríkur Jónsson, Óskar Ingi Böðvarsson, Kristján Valur Kristjánsson og Adam Kári Helgason (starfsmaður).

Stjórn Furulundar

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar Ölfusborgum

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn orlofsbyggðarinnar í Flókalundi

Björn Ágúst Sigurjónsson

Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs

Björn Eysteinnsson, Erla Sigríður Erlingsdóttir og Georg Páll Skúlason

Ákvæðisnefnd rafiðna

Andri Reyр Haraldsson, Sigurður Freyr Kristinsson og Oddur Bogason (varamaður)

Stjórn Verkiðnar

Georg Páll Skúlason, formaður stjórnar
Andri Reyр Haraldsson, varamaður í stjórn.

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík

Björn Ágúst Sigurjónsson

Skoðunarmenn

Sæunn Hrund Björnsdóttir og

Reynir Sigurbjörnsson.

Varamaður: Árni H. Jóhannsson.

Stjórnarmenn Birtu Lífeyrissjóðs

Aðalmenn: Hrönn Jónsdóttir

og Jakob Tryggvason

Varamaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir

Launanefnd Birtu lífeyrissjóðs

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson (kjörinn til 2025)

Kjörnefnd Birtu lífeyrissjóðs

Andri Reyр Haraldsson

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs

Georg Páll Skúlason

Stjórn fulltrúaráðs Birtu lífeyrissjóðs

Jakob Tryggvason, Andri Reyр Haraldsson

Varamenn: Bára Laxdal Halldórsdóttir,

Georg Páll Skúlason og Svavar Bjarnason

Stjórn og nefndir ASÍ**Miðstjórn ASÍ**

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Varamaður: Andri Reyр Haraldsson

Alþjóðanefnd

Aðalmaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Varamaður: Hörður Bragason

Efnahags- og skattanefnd

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason
Varamaður: Trausti Þór Friðriksson

Húsnæðisnefnd

Aðalmaður: Eiríkur Jónsson
Varamaður: Hrönn Jónsdóttir

Vinumarkaðs- og atvinnumálanefnd

Aðalmaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir
Varamaður: Andri Reyr Haraldsson

Jafnréttisnefnd

Aðalmaður: Anna Melsteð
Varamaður: Haukur Þór Ólafsson

Lífeyrisnefnd

Aðalmaður: Jakob Tryggvason
Varamaður: Bára Laxdal Halldórsdóttir

Heilbrigðisnefnd

Aðalmaður: Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir
Varamaður: Sigmundur Grétarsson

Menntanefnd

Aðalmaður: Guðmundur Ævar Guðmundsson
Varamaður: Elma Bjarney Guðmundsdóttir
Skipaður af miðstjórn ASÍ: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipulags- og starfsháttanefnd

Aðalmaður: Georg Páll Skúlason
Varamaður: Þórunn S. Jónsdóttir

Nefnd um brotastarfsemi á vinnumarkaði

Aðalmaður: Andri Reyr Haraldsson
Varamaður: Berglind Leifsdóttir

Atvinnumála- og umhverfisnefnd

Aðalmaður: Sigmundur Þórir Grétarsson
Varamaður: Anna Haraldsdóttir

Verðlagsnefnd

Aðalmaður: Jón Trausti Harðarson

Starfs- og fjárhagsnefnd

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs

Sigrún Sigurðardóttir

Vísinda- og tækniráð

Varamaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Sjálfbærniráð

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu

Áheyrnarfulltrúi: Björn Ágúst Sigurjónsson
(skipunartími ótilgreindur)

Félagsdómur

Rafiðngreinar:

Aðalmaður: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

Varamaður: Eiríkur Jónsson

Bókagerðargreinar:

Aðalmaður: Heimir Örn Gunnarsson

Varamaður: Erna Kristjánsdóttir

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum**Sveinsprófsnefnd sterkstraums**

Guðmundur Gunnarsson, Björn Gústaf Hilmarsson og Jón Ólafur Halldórsson

Sveinsprófsnefnd Veikstraums

Anna Kristjana Helgadóttir, Ásvaldur Kristjánsson og Gabriel Snær Jóhannesson

Sveinsprófsnefnd upplýsinga- og fjölmiðlagreina**Prentun**

Reynir S. Hreinsson, Marinó Öundurson og Erlingur Ragnar Þórssón

Varaformúlur:

Björgvin Freyr Jóhannesson, Halldór Viðar Jakobsson og Sveinn Þór Gíslason

Bókband

Ingólfur Gíslason, Stephen Hannah og Gauti Arnaldsson

Varaformúlur:

Páll Reynir Pálsson, Axel Steindórsson Rebekka Halldórsdóttir

Prentsmíði

Þorgeir Valur Ellertsson, Ingibjörg Steindórsdóttir og Erna Kristjánsdóttir

Varaformúlur:

Björgvin Rúnar Valentínsson, Haraldur Örn Arnarson og Gunnar Bjarni Guðmundsson

Menntasjóður rafiðnaðarins

Aðalmaður: Jakob Tryggvason (formaður) og Þór Hinriksson

Varamaður: Hörður Bragason

Stjórn Rafmenntar

Andri Jóhannesson, Andri Reyr Haraldsson (varaformaður), Margrét Halldóra Arnarsdóttir, Ragnar Guðmundur Gunnarsson, og Finnur Víkingsson (varamaður)

Stjórn Nemastofu

Aðalmaður: Andri Reyr Haraldsson

Varamaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Stjórn Iðunnar fræðsluseturs

Formaður: Georg Páll Skúlason

Varamaður: Anna Haraldsdóttir

Stjórnarteymi Iðunnar

Georg Páll Skúlason

Fagráð prent- og miðlunar Iðunnar

Aðalmenn: Anna Haraldsdóttir og Georg Páll Skúlason varaformaður

Varamenn: Díana Hrönn Sigurfinnsdóttir og Jón Trausti Harðarson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn Guðmundur Ævar Guðmundsson rafvirki, Henry Arnar Hálfðánarson rafeindavirki og Ragnar G. Gunnarsson tækniamaður

(skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Varamenn: Marianna Ragna Guðnadóttir rafvirki, Eiríkur Jónsson rafvirki og Andri Reyr Haraldsson rafvirki (skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Starfsgreinaráð upplýsinga og fjölmiðlagreina

Aðalmenn: Georg Páll Skúlason varaformaður og Jakob Tryggvason (skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Varamenn: Hrönn Magnúsdóttir og Sigurjón Guðni Ólason (skipunartími frá 9. maí 2023-8. maí 2027).

Starfshópur vegna menntamála

Andri Reyr Haraldsson sterkstraumur

Andri Jóhannesson veikstraumur

Stjórnir og nefndir erlendis**Stjórn norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF)**

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Vinnuumhverfisnefnd (Arbejdsmiljø) NEF

Georg Páll Skúlason

Menntanefnd NEF

Guðmundur Ævar Guðmundsson

Orkugeiri NEF

Steinar Guðjónsson

Stjórn NBTF

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ

Stjórn EBTf

Aðalmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson,
formaður RSÍ

Stjórn UNI-ICTS

Aðalmaður: Haraldur Örn Sturluson
Varamaður: Björn Eysteinnsson

Stjórn / faghópur UNI-MEI

Jakob Tryggvason

Stjórnir aðildarféлага RSÍ**Félag íslenskra rafvirkja**

Formaður: Andri Reyur Haraldsson
Varaformaður: Guðmundur Ævar
Guðmundsson
Ritari: Sigmundur Þórir Grétarsson
Gjaldkeri: Þór Hinriksson
Meðstjórn: Eiríkur Jónsson, Helga Sigurbjörns-
dóttir og Sigurður Freyr Kristinsson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Hörður Bragason
Varaformaður: Ármann Helgi Guðmundsson
Ritari: Davíð E. Sigmundsson
Gjaldkeri: Andri Jóhannesson
Meðstjórn: Bára Laxdal Halldórsdóttir, Haukur
Þór Ólafsson og Einar Jón Sigmarsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Haraldur Örn Sturluson
Varaformaður: Magnús Sveinsson
Gjaldkeri: Trausti Þór Friðriksson
Meðstjórnandi: Sunna Sveinsdóttir
(til 31.10.2023)
Meðstjórnandi: Ylfa Dís Knútsdóttir
(til 31.12.2023)
Meðstjórnandi: Sæunn Hrund Björnsdóttir
(frá 01.11.2023)

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Finnur Víkingsson
Varaformaður: Marteinn Örn Aðalsteinsson
Ritari: Sighvatur Sighvatsson
Gjaldkeri: Sigurður Ingi Friðriksson
Meðstjórn: Ágúst Friðriksson

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Steinar Guðjónsson
Varaformaður: Kristján Eldjárn Þorgeirsson
Ritari: Anný Björk Guðmundsdóttir
Gjaldkeri: Birgir Rafn Sigurjónsson
Meðstjórn: Árni Grétar Torfason

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Eiríkur Arnar Björgvinsson
Varaformaður: Margrét Halldóra Arnarsdóttir
Ritari: Arnar Stefánsson
Gjaldkeri: Jón Grétar Herjólfsson

Félag tæknifólks

Formaður: Jakob Tryggvason
Varaformaður: Ragnar G. Gunnarsson
Ritari: Sigríður Rósa Bjarnadóttir
Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson
Meðstjórn: Elma Bjarney Guðmundsdóttir
og Hafþór Ólafsson

GRAFÍA

Formaður: Georg Páll Skúlason
Varaformaður: Þorkell Svarfdal Hilmarsson
Ritari: Anna Haraldsdóttir
Gjaldkeri: Hrönn Jónsdóttir
Meðstjórn: Ásbjörn Sveinbjörnsson, Haraldur
Örn Arnarsson og Jón Trausti Harðarson

Félagslegir viðburðir

Fjölskylduhátíð

Félagslegir viðburðir RSÍ voru á sínum stað á síðasta starfsári. Fjölskylduhátíðin var haldin helgina 23.-26. júní. Mæting var með ágætum, allir fengu pláss sem vildu, stemningin var góð og veðrið með ágætum. Boðið var upp á fjölbreytta skemmtun og viðburði fyrir unga jafnt sem aldna. Pubquiz keppnin var á sínum stað og orðin að reglubundnum viðburði. Á laugardegnum var keppt í hinum ýmsu greinum, veiðikeppnin naut mikilla vinsælda eins og ávallt er og bíóleikurinn var á sínum stað. Dagskrá laugardagsins lauk svo með dansi þar sem Stuðlabandið hélt uppi fjörinu og óhætt að segja að dansgólfið hafi fyllst af ungum sem öldnum þegar hljómsveitin tók lagið "Í Larí lei" Fjölskylduhátíð RSÍ 2024 verður svo á sínum stað helgina 14.-16. júní.

Heldri félaga ferð

Heldri félagaferð RSÍ 2022 sló öll met í þátttöku og því var tekin ákvörðun um að bjóða upp á tvískipta ferð sem haldin var dagana 28. og 29. ágúst 2023. Þátttaka í fyrra var jafngóð og árið á undan og því ljóst að þessi breyting er komin til að vera. Haldið var austur fyrir fjall og Sólheimar heimsóttir þar sem skoðuð var sú skemmtilega og fjölbreytta starfsemi sem þar er. Að því loknu var haldið á Selfoss í kaffihlaðborð hjá Sviðinu við einróma ánægju gesta. Þann 28. nóvember 2023 var hreyfing RSÍ – ELDRÍ stofnuð. Um er að ræða samtals- og samveruvettvang félaga 60 ára og eldri. Meginmarkmið hreyfingarinnar er að sameina hópinn, hittast og búa til samræðuvettvang. Öllu félagsfólki 60 ára og eldri var sent bréf þar sem óskað var eftir hugmyndum að viðfangsefnum sem hæfa þessari nýstofnuðu hreyfingu innan RSÍ. Þær hugmyndir geta verið með ýmsu móti eins og fram kom í bréfinu hvort sem það er til laga að umræðu efni á fundum, fyrirlestrum eða málefnum sem varða þennan hóp. Framundan er kaffisamsæti sem fyrirhugað er 15. maí.



Golfmót

Golfmót RSÍ og Fagfélaganna var á sínum stað sem og golfmót RSÍ sem haldið var á golfvelli-
num í Miðdal samhliða fjölskylduhátíðinni.

Jólaball

Okkar árlega jólaball var haldið í Gullhörmrum 10. desember 2023. Mæting var minni en undan-
farin ár en um leið skapaðist mjög góð stemn-
ing þar sem vel fór um alla og þrengsli minni
en oft áður. Það voru prúðbúin og falleg börn
sem skemmtu sér vel, dönsuðu kringum jóla-
tré og léku sér að uppblásnum blöðrum í allra
kvikinda líki. Kúnstugur jólasveinn rann á hljóð-
ið og tók þátt í gleðinni. Hann færði yngri kyn-
slóðinni svólítinn glaðning og tók þátt í að
gera viðburðinn eftirminnilegan fyrir unga sem
aldna.

Vísindaferð háskólanema

Sú nýbreytni var í fyrra að nemendum í verk-
fræði við Háskóla Íslands var boðið í heimsókn
á Stórhöfðann til að fræðast um starfsemi RSÍ.
Jakob Tryggvason, Andri Reyur Haraldsson og
Kristján Þórður Snæbjarnarson kynntu starf-
semina og fóru yfir mikilvægi stéttarféлага og
hlutverk þeirra.



Starfsemi RSÍ UNG

Skýrsla stjórnar RSÍ-UNG 2023

Starfsemi RSÍ-UNG átti viðburðaríkt ár og voru haldnir átta stjórnarfundir og einn skipulagsfundur á árinu 2023. Ásamt því voru haldnir ýmsir viðburðir, auknar áherslur á markaðsmál með TikTok-myndböndum og íslenskar ásamt erlendar ráðstefnur sóttar. Í þessari skýrslu verður farið yfir helstu verkefni ársins 2023.

Markaðsmál

Aukin áhersla var lögð á markaðsmál þetta árið og voru gerð 12 myndbönd sem voru vinsæl meðal TikTok-áhorfenda. Áherslur voru eins og fyrri myndbönd, erfiður yfirmaður að atast í starfsmanni.

RSÍ-UNG gaf út svokallað Drykkjuspil sem vísar í spilið Aldrei hef ég aldrei, þar var vinnustaðapema og allt sem tengist vinnuumhverfi haft að leiðarljósi. Spilinu var dreift á þingi RSÍ og veitt sem vinningur á lðnaðarsýningunni. Spilið hefur slegið í gegn meðal félagsfólks og í kjölfarið var ákveðið að gera útgáfu á ensku til að gefa þegar farið er erlendis. Auk þess er fylgihlutur með í spilinu sem hefur vakið mikla lukku.

Viðburðir

Fyrsti viðburður á árinu var Öryggiskynning í marsmánuði þar sem ýmis fyrirtæki voru að kynna sínar vörur, má þó viðurkenna að mæting var fremur slöpp og í kjölfarið var ákveðið að þetta yrði síðasta Öryggiskynning sem RSÍ-UNG myndi halda. Um kvöldið var Pub-Quiz þar sem Hjálmar Örn hélt fjörinu uppi, í boði voru hamborgarar og öl frá Tasty. Veittir voru vinningar frá ýmsum fyrirtækjum fyrir vinningshafa kvöldsins.

RSÍ-UNG lét sig ekki vanta á Íslandsmót lön og verkgreina og voru með Rafmennt og RSÍ á bás til að kynna rafiðnað fyrir ungum nemendum.

Pílumót RSÍ-UNG var haldið á Skor um miðjan apríl. Þátttakan var gríðarlega góð og fór skráningin fram úr öllum vonum. Mættu yfir 40 manns og má segja að þetta hafi verið vinsælasti viðburðurinn okkar.

Haldið var sumargrill í júlímánuði á Akureyri í blíðskaparveðri við finar undirtektir, grillað var í mannskapinn og mætti trúbadorinn Sæþór Már á svæðið og skemmti.

RSÍ-UNG og IÐN-UNG voru með sameiginlegan bás á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll sem var haldin í lok ágúst. Viðtökurnar voru mjög góðar og var básinn mjög vinsæll á sýningunni með píluspjaldi sem veitti vinninga yfir 50 stigum, kynningu á TikTok-myndböndum og sérmerktum varningi til að gefa gestum.

Skrifstofa og fjárfestingar

RSÍ-UNG hefur haft skrifstofuaðstöðu á Stórhöfða 29, milli skrifstofu FÍR og FTF. Þar höfum við komið okkur vel fyrir með okkar skrifborði, tölvubúnaði, sjónvarpi, ísskáp og sófa. Við þurftum þó að víkja af skrifstofunni okkar þar sem stéttarfélag sjómanna í Grindavík þurfti að flýja heimabæ sinn og skrifstofu, því var aðstaðan okkar lánuð í staðinn tímabundið. Í millitíðinni fjárfesti félagið í kæliskáp til að geyma öl fyrir viðburði og sett upp góða geymsluaðstöðu á neðstu hæðinni við Stórhöfða 29 til að geyma ýmsar vörur og varning í eigu félagsins.



Innlent samstarf

RSÍ-UNG hefur átt farsælt samstarf við ASÍ-UNG undanfarið og mætti meðal annars á fræðslu- og tengsladaga sem haldnir voru á Hellu í lok mars. Einnig mætti stjórnin á þing ASÍ-UNG sem haldið var á Stórhöfða.

Félagið hefur einnig átt góð tengsl við ÍDN-UNG og haldið sameiginlegan bás á Iðnaðarsýningunni.

Erlent samstarf

Ýmsir erlendir viðburðir voru sóttir af stjórnarmeðlimum RSÍ-UNG, þeim Gunnari og Haraldi. Fyrsti viðburðurinn var haldin í Svíþjóð á vegum UNI Youth Nordic, hann var fremur fámennur og hefði mátt vera betur skipulagður af viðburðarhaldara.

Marianna sótti GPTU Ráðstefnuna í Írlandi ásamt nokkrum meðlimum úr RSÍ í lok júní.

Styrmir mætti á Byggnads ráðstefnu í Danmörku sem tengist byggingariðnaðinum í lok júní.

Styrmir og Guðmundur mættu á NBTF Youth ráðstefnu í Svíþjóð og lærðu meðal annars um vinnumarkaðinn á Norðurlöndunum og einnig um þá miklu erfiðleika sem Danmörk glímir við vegna ítölsku mafiunnar sem geisar nú á vinnu- markaði þar.

Í nóvember fór Haraldur í Norðurlanda-skólann sem var haldinn í Finnlandi, framhaldsskóli var svo haldinn í Danmörku í febrúar 2024. Skólinn var áhugaverður en hefði mátt vera meira á ensku þar sem að mestu leyti var töluð sænska. Þar var verið að fræðast um norðurlandalíkanið og jafnaðarmanna stjórnsmál á Norðurlöndunum.

Erlent samstarf

RSÍ og aðildarfélög eiga í margvíslegu samstarfi á alþjóðlegum vettvangi. Mest eru samskipti við samtök á sviði byggingargeira en á undanförunum árum og áratugum hafa tengsl verið byggð upp við fleiri samtök, á sviði tækni og miðlunar sem og prent- og miðlunargreinum. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um helstu samtök sem RSÍ og aðildarfélög eiga aðild að með beinum hætti.

NEF - Norræn samtök Rafiðnaðarsambanda (Nordisk EI-federation)

NEF samstarfið er líklega sá samstarfsvettvangur sem RSÍ hefur átt aðild að lengst. Þegar RSÍ var stofnað sóttu fulltrúar FÍR / RSÍ þekkingu meðal annars til Danmerkur og má þar rekja samræmingu náms í rafiðngreinum. Stjórn NEF fundar um það bil þrisvar sinnum á

ári auk þess að þing eru haldin annað hvert ár. Til umfjöllunar eru öll þau málefni sem snerta starfsemi sambandanna á hverjum tíma. Kjaramál, menntamál, öryggismál og ákvæðisvinna eru dæmi um umræðuefni undanfarinna funda og ára. NEF starfrækir undirnefndir og skipar þær eftir þörfum. Vinnumarkaðsnefnd hefur verið starfandi um langt skeið auk þess sem menntanefnd hefur fundað með reglubundnum hætti. Öryggismál koma að sjálf-sögðu til umræðu en einnig er samstarf á vettvangi lyftuiðnaðar en störf eru líklega betur skilgreind þar ytra en hér heima.

Þing NEF var haldið í Tampere í Finnlandi 8. - 10. janúar 2024 þar sem nýr formaður til tveggja ára var kjörinn. Mjög gott og mótað fyrirkomulag er á því hvernig formennska færast á milli landanna á tveggja ára fresti. Að þessu sinni lauk Sauli Vänti, formaður finnska Rafiðnaðarsambandsins, 2ja ára formennskutið. Nýr formaður er Urban Pettersson en hann er formaður sænska Rafiðnaðarsambandsins. Í tengslum við þingið var ráðstefna haldin þar sem fjallað var um stöðuna í Finnlandi en hart er sótt að launa-fólki þar. Jafnframt voru orkumálin til umræðu.

NBTF - Norræn samtök í bygginga- og tréiðnaði

RSÍ hefur tekið þátt í samstarfi NBTF á undanförunum árum en vettvangurinn hefur verið virkur um sameiginleg málefni iðn- og tæknifólks á Norðurlöndum. NBTF var mjög framarlega í ungliðastarfi á undanförunum áratugum en nokkuð hefur dregið úr virkni samtakanna eftir að rekstrarformi þess var breytt. NBTF fundar iðulega í tengslum við fundi evrópsku bygginga- og trjáiðnaðarsamtakanna sem haldnir eru í Brussel og Lúxemborg.



Nordic Gender Equality Network Conference í Reykjavík (NBTF)

Rafiðnaðarsamband Íslands hélt Norræna jafnréttisráðstefnu á vegum NBTF í nóvember síðastliðnum. Forsögu þess verkefnis má rekja til þess að fjórir þátttakendur (Helga Sigurbjörnsdóttir, Þór Hinriksson, Þórunn S. Jónsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir) frá RSÍ og FÍR tóku þátt í þessu verkefni í desember 2022. En fulltrúar Norðurlandanna að Íslandi undanskildu hafa hist árlega til margra ára. Norðurlöndin hafa skipst á að halda ráðstefnuna og þegar Ísland loksins tók þátt var þess óskað að Ísland myndi halda ráðstefnuna 2023. Rafiðnaðarsambandið tók þeirri áskorun og var ráðstefnan haldin í Reykjavík dagana 8.-9. nóvember 2023. Ráðstefnuna sóttu 22 þátttakendur frá Noregi, Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Íslandi. Megintilgangur þessarar árlegu ráðstefnu er að skiptast á reynslu og vinna að leiðum til að aðstoða konur sem starfa í karllægum iðngreinum. Það er ljóst að mörgu er að huga við skipulag á ráðstefnu sem þessari allt frá því að ákveða viðfangsefni og fyrirlesara í að huga að sérþörfum varðandi mataræði. Í ljósi þeirrar miklu umræðu um málefni hinsegin fólks á Íslandi var ákveðið að bjóða upp á fyrirlestur frá Samtökunum 78 með áherslu á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaðnum. Farið var yfir helstu hugtök og notkun þeirra sem tengjast mállefnum hinsegin fólks, hvernig hlúa eigi að fjölbreytileika á vinnustað og styðja við allt starfsfólk óháð kyni, kynhneigð osfrv. Gestafyrirlesari kom frá Hollandi sem fór yfir mikilvægi þess að hvetja konur til starfa innan karllægra iðngreina, auka sjálfstraust þeirra og kynna leiðir til að koma sér á framfæri. Maria Adelin Rosaefontanur frá Danmörku deildi reynslu sinni í vegferð hennar við að ljúka námi í húsasmíði

en hún hefur verið drjúgur málsvari þess að ögra staðalímyndum og stuðla að því að huga að breytingum á starfsmenntun innan byggingariðnaðarins. Josefine Krantz var með erindi um fundaherferð síðasta árs sem kallast „stop the macho culture“ sem er viðfangsefni sem mörg geta samsamað sig við. Einnig voru öll þátttökulöndin með kynningu á þeim verkefnum sem þeirra aðildarfélag hafa verið að vinna að. Allir þátttakendur voru að koma til Íslands í fyrsta skipti og margir höfðu hug á því að lengja ferðalag sitt til að skoða eitt-hvað markvert. Það varð til þess að skipulögð var ferð föstudaginn 10. nóvember sem hófst snemma dags með hefðbundinni ferð um Gullna hringinn og endað í Sky Lagoon. Dagurinn var í alla staði vel heppnaður þar sem gott veður lét stórt hlutverk. Næsta ráðstefna verður haldin í Osló 2024.

EBTF - Evrópsk samtök í bygginga- og tréiðnaði

EBTF eru samtök á evrópskum vettvangi og fjallar um málefni í bygginga- og tréiðnaði. RSÍ og Byggið skiptast á stjórnarsetu í EBTF stjórninni en kjörtímabil eru til fjögurra ára í senn. Byggið tók við stjórnarsetu á þingi EBTF sem haldið var í Finnlandi í desember 2023. Samtökin eru mjög virk í réttindamálum þeirra greina sem þau starfa fyrir og fylgjast mjög vel með málum á Evrópuþingi ESB.

BWI - Alþjóðleg samtök byggingaverkafólks

RSÍ er aðili að BWI sem eru alþjóðleg samtök verkafólks í byggingariðnaði. BWI hafa verið mjög virk í baráttunni við félagsleg undirboð og öryggismál verkafólks. Nýjasta og þekktasta dæmið er baráttan við að bæta stöðu launafólks við byggingar á íþróttaleikvöngum í Qatar. RSÍ

hefur tekið þátt í vinnustaðaeftirliti meðal annars í Qatar sem skipulagt var af BWI. Öryggismál eru samtökunum efst í huga ásamt því að berjast fyrir réttlátum launakjörum þar sem byggingaframkvæmdir standa yfir í samstarfi við þau verkalýðsfélög sem starfa í viðkomandi löndum.

UNI Europe og UNI Global

UNI Evrópa og Global eru samtök á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi og vinnur að réttindamálum á heimsvísu. Í UNI eru yfir 20 milljón félagar. Deildir innan UNI eru 11 talsins og ná yfir gríðarlegan fjölda starfa. RSÍ og aðildarfélög tengjast eins og áður sagði nokkrum mála-flokkum UNI. Þing UNI eru á fjögurra ára fresti. UNI starfrækir ungliðastarf og nýverið var leitað til þess að RSÍ skipaði fulltrúa í stjórn UNI youth, Evrópudeild. RSÍ hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að stuðla að virku ungliðastarfi og því er slíkt mikill heiður fyrir sambandið.

UNI ICTS

RSÍ á aðild að deild UNI ICTS sem er fjarskipta- og tölvuhluti innan UNI á Norðurlöndum. Fulltrúar FÍS á hverjum tíma, ásamt fulltrúa á skrifstofu RSÍ, hafa að mestu sinnt þessum samskiptum. UNI ICTS er hluti af UNI Global.

UNI MEI - Media entertainment, arts and sports sector og gaming

RSÍ á aðild að UNI MEI í gegnum Félag tæknifólks. UNI MEI vinnur með fjölmargar greinar svo sem afþreyingar bransi, listar og íþróttamál innan UNI. Fulltrúar FTF sinna beinum samskiptum við UNI MEI. Hér er unnið með fjölmörg málefni er snúa að tæknigreinum og störfum tæknifólks. Umfangið er mun víða-meira en heitið gefur til kynna. UNI MEI er hluti af UNI Global.

UNI Graphical & packaging

RSÍ á aðild að UNI Graphical & packaging í gegnum Grafíu. UNI GP fjallar um málefni sem snúa að prentiðnaði, tækniþróun og breytingu starfa í greinunum. Prent- og miðlunargreinar hafa þurft að bregðast við fjölmörgum breytingum tengt tækniþróun undanfarinna áratuga og er þessi vettvangur nýttur til að sækja þekkingu. UNI GP er hluti af UNI Global.

IndustriALL

RSÍ á aðild að IndustriAll Global en samtökin eru tiltölulega ung og hefur RSÍ aðeins átt aðild að þeim í örfá ár. IndustriAll sameinar um 50 milljón launafólks í fjölmörgum starfsgreinum. Sem dæmi má nefna störf í olíu og gas iðnaði, raforkuframleiðslu, vinnslu málma, tölvuiðnaði, framleiðslu byggingarefna og margt fleira. RSÍ tengist IndustriAll fyrst og fremst í gegnum stóriðju og raforkuframleiðslu. Samtökin hafa veitt RSÍ stuðning í kjarabaráttu gegn álverum hér á landi.

Global Power Trade Unions

Global Power Trade Unions (GPTU) eru ekki formleg samtök heldur fyrst og fremst samráðsvettvangur Rafiðnaðarsambanda víðsvegar um heiminn. Fundir eru haldnir árlega þar sem málefni rafiðnaðar eru rædd. Engin alþjóðleg samtök Rafiðnaðarsambanda eru til enda eru almennt ekki sér félög fyrir rafiðngreinar í löndum í kringum okkur, fyrir utan Norðurlöndin. Þessi samráðsvettvangur er því mikilvægur og hefur verið að byggjast upp á undanförunum áratug. Síðasti fundur var haldinn í Vancouver í Kanada sumarið 2023.

RÍSUM SAMAN UPP -

Ferð til Philadelphia, UNI Global World Congress

Anna Melsted tók saman

27. – 30. ágúst 2023 fór fram UNI Global World Congress í Philadelphia, Bandaríkjunum. Níu manna sendinefnd frá RSÍ tók þátt í störfum þingsins að hluta tímans eða alla dagana. Dagana á undan, 25. – 26. ágúst, var haldin UNI Global Union sjötta kvennaráðstefnan og að loknu UNI þingi hélt UNI MEI (Media, Entertainment & Arts) sína fundi 1. og 2. september og UNI MEI Global Women Working Group rak lestina með sínum fundi.

25. – 26. ágúst: UNI Global Union's 6th World Women's Conference.

Á þessari tveggja daga ráðstefnu var mikill kraftur en líka depurð þegar hlýtt var á erindi og umræðurnar á þinginu. Áhyggjur ráðstefnunnar af framtíð kvennastarfa í tengslum við gervigreind var áberandi í umræðunni, réttur fólks til töku fæðingarorlofs og velvilji vinnustaða til þess að veita aðstöðu fyrir mjólkandi mæður sömuleiðis að ógleymdum umræðum um breytingarskeið kvenna. Launamisrétti var ofarlega á baugi í umræðunum og fyrir okkur íslensku þátttakendurna þá setti að okkur hroll við sumum reynslusögnum sem sagðar voru í hóp yfir 500 gesta á ráðstefnunni.

27.- 30. ágúst: UNI World Congress

Þúsundir verkalyðsleiðtoga allstaðar úr heiminum komu saman í Philadelphiu á þingi UNI til að styrkja alþjóðleg tengsl og samvinnu verkalyðsaflanna um allan heim og til að setja stefnuna fyrir næstu fjögur ár. Ekki veitir af því hægri

öfgastjórnir njóta meiri vinsælda en nokkru sinni. Aflið til að berjast gegn hugmyndafræði stjórnvalda sem staðsetja sig í öfuga hægrinu og einræðistjórnnum er öflug alþjóðleg hreyfing verkalyðsins.

Tóninn fyrir þingið, sem hafði yfirskriftina Rising together setti þrumuræða þingmannsins og fyrrum forsetaframbjóðanda Bernie Sanders. Hann fór hörðum orðum yfir valdaójöfnuðinn í Bandaríkjunum út frá efnahag og deildi hart á hina örfáu billjarðamæringa sem litu helst á heiminn sem sinn eiginn sem lyti þeirra stjórn, heimurinn væri hinsvegar okkar allra. Hann kallaði þessa billjónamæringa öllum illum nöfnum og taldi aldrei mikilvægara en nú að verkalyðsöflin risu upp gegn þessari þróun.

Christy Hoffman aðalritari UNI og heimamanneskja í Philadelphia fór yfir það í máli sínu að yfirstandandi verkföll í Bandaríkjunum væru góðs viti um breytta tíma, fjölgun í stéttarfélögum bæri vitni um það að fólk væri ekki sama um kjör sín, vildi taka þátt í samtali um vinnumarkaðinn og fengi það.

Málefni ráðstefnunnar snérist um að koma á breytingum í alþjóðahagkerfinu svo það mætti vera jafnara og meira inngildandi fyrir íbúa á jörðinni. Ójöfnuður, kynþáttahatur og mismunun, heilbrigðis- og öryggismál voru rædd í þaula auk þess sem starfsumhverfi í stafrænu umhverfi og gervigreind var fólki mjög hugleikið. Þættir eins og friður, lýðræði og mannréttindi voru og rædd og umræða um að lög-



aðilar tækju ábyrgð á stefnu sinni og gagnvart starfsfólki sínu einnig. Umhverfismál og áskorun um að sækja fram í þeim efnum var samþykkt. Framtíðarkynslóðirnar voru til umræðu undir málaflokknum Ungt fólk og var mjög áhugavert að hlusta á þau erindi eins og öll önnur sem voru á dagskrá.

Að lokinn dagskrá voru kosningar til embætta og stefnan samþykkt fyrir næstu fjögur ár.

Þingveisla var mjög glæsileg, haldin í Franklin Institute og stóð fram eftir kvöldi.

Það fór ekki fram hjá nokkrum þingfulltrúum að mikill hiti var í verkalyðsbaráttunni í Bandaríkjunum, því öll ráðstefnan tók þátt í mótmælum og kröfugöngum í miðborg Philadelphiu og var fánum RSÍ haldið þar á lofti.

1. - 2. september: UNI MEI Executive Committee og UNI MEI Global Women Working Group.

Heldur fækkaði í sendinefnd RSÍ þegar UNI þinginu var lokið og UNI MEI ráðstefnan tók við. Fundarstaður færðist á hótél skammt frá höllinni þar sem þingið fór fram. Á fundum UNI MEI fóru fram venjuleg fundarstörf en á þessa fundi hafa

fulltrúar FTF mætt reglulega og hafa tekist góð kynni með fulltrúum sem þangað koma.

Gríðarlegur hiti var alla dagana í Philadelphiu og voru íslensku fulltrúarnir orðnir heldur slæptir á áttunda degi og þarna var komið sögu. UNI MEI fundirnir eru alltaf góðir og ekki síst vegna þess að fjöldi fundarfólks er talið í tugum og hundruðum en ekki þúsundum

Allir fulltrúar FTF/RSÍ á UNI MEI fundunum tóku þátt í umræðum og á kvennafundinum tóku allar til máls og ræddu um stöðu kvenna í þessum greinum á Íslandi.

Myndband um þessa ferð var gert af Önnu Melsted með viðbrögðum nær allrar íslensku sendinefndarinnar og er vistað hjá RSÍ.

Sendinefndin þakkar fyrir tækifærið að fá að fara í þessa ferð, sem var verulega lærdómsrík og veitti mikinn innblástur sem hefur skilað sér víða í stefnumótun og aðgerðir RSÍ sbr. skipun málefnaefnda um einstök málefni innan RSÍ.

Ályktanir á árinu

13. mars 2024

Yfirlýsing frá Fagfélögunum:

Fagfélögin fordæma þá ákvörðun Samtaka atvinnulífsins (SA) að setja verkban á VR vegna kjaradeilu samtakanna við framlínufólk hjá Icelandair. Barátta þessa hóps er sjálfsgöð. Hún snýst um réttlátan vinnutíma í takt við það sem almennt gerist á markaði.

Viðbrögð SA eru í engu samræmi við stöðu deilunnar og hvorki til þess fallin að skapa stöðugleika á vinnumarkaði né gefa gott fordæmi til framtíðar.

Fagfélögin styðja VR í kjarabaráttu þeirra og skora á SA að sýna meiri metnað við samningaborðið og vilja til að semja við umræddan hóp.

Byggið - félag byggingamanna

MATVÍS - Matvæla- og veitingafélag Íslands

RSÍ - Rafiðnaðarsamband Íslands

VM - Félag vélstjóra og málmíðnaðarmanna

8. mars 2024

Fjárfestum í baráttunni um jafnrétti

Rafiðnaðarsamband Íslands óskar konum til hamingju með alþjóðlegan baráttudag kvenna. Dagurinn á sér langa sögu, eða allt aftur til ársins 1911. Tilefnið voru baráttumál kvenna og þá helst samstaða verkakvenna og barátta fyrir kosningarétti kvenna víða um heim. Árið 1975 lögðu 90% íslenskra kvenna niður störf til að mótmæla stöðu kvenna á vinnumarkaði og árið 2023 mótmæltu konur og kvár í kvennaverkfalli um allt land svo eftir var tekið út fyrir landssteinana.

Árið 1984 mótmæltu Kvinnalistakonur í matvöruverslun því þær vildu borga 2/3 af uppsettu verði matvara sem þær keyptu, það sögðu þær vera í samræmi við launamun kynjanna í íslensku samfélagi. Því miður er takmarkinu ekki náð, enn er langt í land. Á heimsvísu er staða jafnréttis ekki heldur góð og fer vers-

andi en Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt áherslu á að aðildarríki, fjármálastofnanir, fyrirtæki og einstaklingar fjárfesti markvisst í konum undir slagorðinu: „Invest in women: Accelerate progress” rannsóknir benda til þess að landsframleiðsla myndi aukast um 20% miðað við höfðatölu ef kynjabilinu yrði eytt.

Fjárfestum í baráttunni um jafnrétti!

15. janúar 2024

Ályktun frá stjórn Fagfélaganna / Fagfélögin sýna Palestínu samstöðu

Fagfélögin fordæma yfirstandandi árás Ísrael á Gaza. Hernaðaraðgerðirnar hafa kostað um 30 þúsund mannlíf. Ljóst er að liðlega helmingur fallinna eru börn. Ísraelsmenn hafa með framferði sínu virt alþjóðalög að vettugi og engu skeytt um afleiðingar árása sinna. Flestir óbreyttir borgarar sem ekki hafa fallið hafa verið hraktir á flóttu eða heimili þeirra eyðilögð. 100 dagar eru nú liðnir frá upphafi árásanna. Fagfélögin hafa í dag ákveðið að sýna Palestínumönnum samstöðu með því að flagga palestínska fánanum. Hann var dreginn að húni á Stórhöfða 29-31 á hádegi í dag. Með þessari táknaðu aðgerð vilja félögin sýna almenningi í Palestínu stuðning.

Verkalýðshreyfingin hverfist um lýðræði, mannréttindi og frið. Verkalýðsfélög um allan heim hafa beitt sér gegn yfirstandandi hörmungum á Gaza. Fagfélögin skora á íslensk stjórnvöld að leita allra leiða til að þrýsta á að endir verði bundinn á hörmungarnar.

18. desember 2023

Stuðningur við kjarabaráttu flugumferðarstjóra

Samninganefnd Fagfélaganna (RSÍ, VM og MATVÍS) fordæmir það bragð Samtaka atvinnulífsins að neita að mæta til samningafunda í kjaradeilu sinni við flugumferðarstjóra, nema þeir falli frá fyrirhuguðum verkfallsaðgerðum sínum. Með þessu hótar SA að ganga í berhög

við landslög en sáttasemjari hefur heimild til að boða til fundar hvenær sem er. Aðilum ber þá að mæta.

Enn fremur er sú yfirlýsing innviðaráðherra að til standi að setja lög á verkföll flugumferðarstjóra ótímabær og vegur með freklegum hætti að verkfallsrétti launafólks. Veita á vinnandi stéttum svigrúm til að semja um sín kjör. Verkfallsrétturinn er grunnréttur launafólks í sinni kjarabaráttu. Á honum má ekki traðka.

Fagfélögin skora á atvinnurekendur að mæta á samningafund sem allra fyrst til þess að leysa deiluna. Ljóst er að Samtök atvinnulífsins telja sig yfir landslög hafin með framgöngu sinni. Vinnubrögð sem þessi eru ólíðandi. Samninganefnd Fagfélaganna

30. nóvember 2023

Baráttukveðjur til Svíþjóðar

Sænskir kjarasamningar skulu gilda í Svíþjóð – jafnvel þegar alþjóðleg stórfyrirtæki eru annars vegar. Öðruvísi er ekki hægt að tryggja fólki mannsæmandi laun, launahækkningar, eftirlaun og önnur réttindi. Öðruvísi er ekki hægt að fyrirbyggja félagsleg undirboð. Í Svíþjóð eru ekki til lög um lágmarkslaun en laun eru aftur á móti ákvörðuð í kjarasamningum. Fyrirtæki sem ekki gerir kjarasamning við stéttarfélag fyrir starfsfólk sitt, getur í raun greitt eins lág laun og því sýnist.

Um þetta snýst í grunninn deila rafbílans Tesla við verkalýðsfélagið IF Metall, sem hefur í barist fyrir bættum kjörum starfsfólks fyrirtækisins. Starfsfólk Tesla hefur verið í verkfalli undanfarnar vikur en sífellt fleiri verkalýðsfélög hafa boðað til samúðaraðgerða. Á meðal þeirra sem hafa lagt niður störf í því skyni er starfsfólk í pósthjónustu. Það hefur haft þær afleiðingar fyrir Tesla að fyrirtækið hefur ekki fengið númeraplötur vegna nýskráðra bifreiða afhentar.

Elon Musk, eiganda Tesla, er ekki skemmt. Í byrjun vikunnar lýsti hann því yfir á samfélagsmiðlinum X – (áður Twitter) – að honum þætti þessar aðgerðir galnar. Hann hefur höfðað mál á hendur sænska ríkinu og krefst þess að fá skráningarnúmerin sem sænsk samgönguyfirvöld hafa gefið út vegna ökutækja í eigu fyrirtækisins afhent. Svíar eru þeirrar skoðunar að ekki megi dreifa númerunum með öðrum hætti en í gegn um opinbera pósthjónustu Postnord. IF Metall segir að starfsfólk Teslu sé á launum sem eru undir markaðslaunum. Alþýðusamband Svíþjóðar bendir á að fyrirtæki sem ekki vilja semja við sænsk verkalýðsfélög haldi því iðulega fram að kjör starfsfólksins séu góð og að kjörin myndu versna ef gerðir yrðu kjarasamningar. Bent er á að röksemdafærslan haldi ekki vatni. Kjarasamningur komi ekki í veg fyrir að fyrirtæki greiði betri laun en kveðið er á um í samningi. „Án kjarasamnings eru öll völdin hjá vinnuveitandanum, þegar kemur að kjörum. Við getum aldrei fallist á það. Þannig vinnum við ekki í Svíþjóð,“ segir í frétt á vef sambandsins. Þar segir enn fremur að ef Svíar gæfu eftir gegn Teslu myndu fleiri alþjóðleg stórfyrirtæki ganga á lagið. Sænska vinnumarkaðsmódelið sé undir. Rafiðnaðarsamband Íslands styður eindregið aðgerðir starfsfólks gegn rafbílaframleiðandanum – og sendir baráttukveðjur til Svíþjóðar.

17. nóvember 2023

Áskorun til lánastofnana

Grindvíkingar takast nú á við einhverjar mestu náttúruhamfarir sem orðið hafa í byggð á Íslandi í hálföld. Fjögur þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín og búa við mikla óvissu um framtíð sína og fjárhagslega afkomu. Ljóst er að gífurlegar skemmdir hafa orðið á eignum í bænum og óvíst hvort eða hvenær Grindvíkingar geta snúið aftur.

Undirrituð samtök launafólks skora á lánastofnanir að veita Grindvíkingum fullt greiðsluhlé næstu þrjú mánuði vegna þeirra hörmunga sem

á þeim dýnja. Í þeirri áskorun felst jafnframt að lánastofnanir falli frá vöxtum og verðbótum á tímabilinu.

Mikilvægt er að Grindvíkingar fái fjárhagslegt svigrúm til að takast á við þau áföll sem þeir hafa orðið fyrir og þann nýja veruleika sem við þeim blasir.

Efling-stéttarfélag

Matvæla og veitingafélag Íslands (MATVÍS)

Rafiðnaðarsamband Íslands

Sjómannanna og vélstjórafélag Grindavíkur

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Verkalýðsfélagið Hlíf

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna

VR stéttarfélag

2. nóvember 2023

Miðstjórn ASÍ fordæmir ákvörðun stjórnvalda

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að sitja hjá í atkvæðagreiðslu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé í Ísrael og Palestínu. Með þessari ákvörðun hafa þau stillt Íslandi upp með þeim ríkjum sem heimila ísraelskum stjórnvöldum að hafa alþjóðalög að engu í hernaðaraðgerðum sínum, stunda þjóðernishreinsanir, drepa almenna borgara, hrekja þá frá heimilum sínum og svipta þá lífsnauðsynjum. Ákvörðunin samræmist ekki stefnu Íslands um að viðurkenna og virða sjálfstæði Palestínu.

Miðstjórn tekur undir með ályktunum al-þjóða verkalýðssambandsins (ITUC) frá 9. og 20. október sl. þar sem kallað er eftir tafarlausu vopnahléi og fordæmir hryðjuverk Hamas-samtakanna gegn almennum borgurum og hefndaraðgerðir Ísraela sem hafa leitt til fjöldamorða og flokkast undir stríðsglæpi. Sprengjuárásir Ísraelshers á Gaza hafa nú staðið linnulaust í tæpar fjórar vikur. Í skugga þeirra hafa Ísraelar auk þess veitt landtökumönnum, sem eru studdir af her og lögreglu, leyfi til að hrekja Palestínumenn af landi sínu og heimilum á Vesturbakkanum.

Hér fer fram fullvalda ríki með einn öflugasta her heims gegn íbúum lands sem hefur búið við hernám þess sama ríkis í áratugi.

Hjálparsamtök eiga í miklum erfiðleikum með að koma nauðsynjavörum til fólks og alvarlegur skortur er á vatni, mat og lyfjum. Almennir borgarar geta ekkert farið og yfir þrjú þúsund og fimm hundruð börn hafa látið lífið í átökunum.

Vopnahlé er eina leiðin til þess að bregðast við þessu ástandi – og það er skylda ríkja heims að þvinga Ísrael að samningaborðinu áður en það er um seinan. Þess í stað hafa sum valdamestu ríki heims réttlætt aðgerðir Ísraela undir þeim formerkjum að þeir eigi rétt á því að verja sig. En sá réttur veitir engum leyfi til að brjóta alþjóðalög og skeyta engu um mannfall almennra borgara. Með afstöðuleysi sínu hafa íslensk stjórnvöld veitt ofbeldisverkum blessun sína. Svonefnt „mannúðarhlé“ sem stjórnvöld hafa gert að lykilatriði í málflutningi sínum er pólitískt fegrunaryrði sem er til þess eins fallið að gera skammvinnu hlé á hernaðaraðgerðum í þeim tilgangi að koma nauðsynjum til fólks. Með því er ekki verið að krefjast vopnahlés og að árásum á almenna borgara linni.

Með viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu skipaði Ísland sér í hóp þeirra ríkja sem vilja vekja athygli á því óréttlæti sem íbúar Palestínu hafa mátt búa við í meira en hálfu öld: hernámi Ísraela, daglegu ofbeldi, skertu ferðafrelsi og aðskilnaðarstefnu. ASÍ krefst þess að íslensk stjórnvöld fylgi eigin stefnu og beiti sér af fullum þunga fyrir tafarlausu vopnahléi og endalokum hernáms Ísraela í Palestínu.

9. október 2023

Miðstjórn RSÍ krefst viðbragða

Miðstjórn RSÍ gerir verulegar athugasemdir við setu Pálmars Óla Magnússonar í stjórn Birtu lífeyrissjóðs, á meðan hann hefur réttarstöðu sakbornings og í ljósi birtingu ákvörðunar-Samkeppniseftirlitsins um brot Samskipa gegn

banni við ólögmætu samráði. Pálmar Óli var framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa á þeim tíma sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nær til.

Seta Pálmars Óla í stjórn og sem stjórnarformaður Birtu lífeyrissjóðs getur haft þær afleiðingar að skaða ímynd Birtu meðal sjóðsfélaga og almennings og haft bein áhrif á trúverðugleika og orðspor sjóðsins.

Miðstjórn RSÍ skorar á Pálmar Óla Magnússon að stíga til hliðar á meðan rannsókn málsins stendur yfir. Ástæða þess er sú að miðstjórn sem og fulltrúaráð launafólks hjá Birtu lífeyrissjóði metur svo að Pálmar Óli uppfylli ekki lengur skilyrði greinar 5.3 samþykktu Birtu lífeyrissjóðs um gott orðspor, vegna fyrr greindra atriða.

Miðstjórn RSÍ telur aðgerðaleyfi Samtaka atvinnulífsins gagnvart þessu máli verulega gagnrýnivert og vekur upp spurningar um það hvort eðlilegt sé að fulltrúar atvinnurekenda sitji í stjórnnum sjóða sem hafa það eitt markmið að tryggja launafólki lífeyri á efri árum. Einsýnt er að nauðsynlegt er að gera breytingar á aðkomu atvinnurekenda í stjórnnum lífeyrissjóða.

21. september 2023

Ályktun frá fulltrúaráði launamanna Birtu

Fulltrúaráð launamanna Birtu lífeyrissjóðs gerir verulegar athugasemdir við setu Pálmars Óla Magnússonar í stjórn Birtu lífeyrissjóðs, á meðan hann hefur réttarstöðu sakbornings og í ljósi birtingu ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um brot Samskipa gegn banni við ólögmætu samráði. Pálmar Óli var framkvæmdastjóri millilandasviðs Samskipa á þeim tíma sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nær til.

Seta Pálmars Óla í stjórn og sem stjórnarformaður Birtu lífeyrissjóðs getur haft þær afleiðingar að skaða ímynd Birtu meðal sjóðsfélaga og almennings og haft bein áhrif á trúverðugleika og orðspor sjóðsins.

Fulltrúaráð launamanna Birtu lífeyrissjóðs skorar á Pálmar Óla Magnússon að stíga til hliðar á

meðan rannsókn málsins stendur yfir. Ástæða þess er sú að fulltrúaráðið metur svo að Pálmar Óli uppfylli ekki lengur skilyrði greinar 5.3 samþykktu Birtu lífeyrissjóðs um gott orðspor, vegna fyrr greindra atriða.

8. maí 2023

Áskorun 20. Þings RSÍ til stjórnvalda vegna bráðavanda launafólks

20. Þing Rafiðnaðarsambands Íslands krefst þess að ríkisstjórn Íslands axli ábyrgð og bregðist strax við bráðum efnahagsvanda í samfélaginu. Núverandi ástand bitnar á öllu launafólki og skerðir lífsgæði þess verulega. Greiðsluvandi almennra heimila hefur raungerst. Ríkisstjórnin þarf strax að hlúa að þeim hópum sem höllustum fæti standa. Nýta þarf tilfærslukerfin til þess að styðja við ungt fólk, fólk á leigumarkaði, fólk sem nýverið hefur fjárfest í fasteignum og eru skuldsett.

Ljóst er að grípa þarf strax til raunverulegra aðgerða til að vinna gegn verðbólgu í stað þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til og hafa nánast eingöngu orðið til þess að auka verðbólguna. Gríðarleg hækkun vaxta lendir af fullum þunga á heimilum landsins á meðan fjármagnseigendur maka krókinn þar sem núverandi aðgerðir ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands hafa verið þeim í hag.

Það er með öllu ólíðandi að stjórnvöld sitji aðgerðarlaus hjá á meðan heimili landsins og launafólk, aldraðir og öryrkjar líða vegna áhrifa verðlags- og gjaldahækkana, hárrar verðbólgu og sífellt hækkandi vaxta. Við núverandi aðstæður þarf að sækja auknar tekjur í ríkissjóð til þeirra hópa sem hafa burði til eins og í formi hækkunar fjármagnstekjuskatts, auðlindagjalda og bankaskatts. Aðgerðarleysi mun óhjákvæmilega leiða til aukinnar ólgu og átaka á vinnu- markaði.



**RAFIÐNADARSAMBAND
ÍSLANDS**